

RAGNHILDUR ÞÓRÐARDÓTTIR
Fer í líkamsrækt
yfirleitt tvisvar á dag
• heilsa • sumar
allt í MIDJU BLAÐSINS



VINNUVÉLAR
Margt í boði á Hellu
fyrir vélaáhugamenn
Sérblað um vinnuvélar
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



JÓN GNARR
Með einkaþjálfara
í ræktinni
Forðast að fá bakverk, brjóst og bumbu
FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. júlí 2008 — 205. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Tölvunni stolið í innbroti



Bassaleikarinn Ragnar Páll Steinsson varð fyrir tilfinningalegu tjóni þegar brotist var inn til hans.

FÓLK 24

Leikur hrokafull- an fréttastjóra

Þórhallur Gunnarsson rifjar upp gamla takta í Útvarpsleikhúsinu.

FÓLK 30



Goðsagnir

Þótt margir Íslendingar séu duglegir og einhverjir eflaust stoltir líka hvíla alhæfingar um 300.000 manns ekki á vísindalegum grunni, skrifar Sverrir Jakobsson.

Í DAG 16


Sama sagan hjá HK



Það stendur ekki steinn yfir steini hjá HK sem tapaði enn einum leiknum, nú fyrir Fram. Þrír leikir voru í Landsbankadeild karla í gær.

ÍÞRÓTTIR 26 & 27

VEÐRIÐ Í DAG



HITINN Í 25 STIG Í dag verður hæg norðaustlæg átt. Bjart með köflum víða um land þegar kemur fram á daginn. Hætt við þoku með norður- og austurströndinni. Hiti 14-25 stig, hlýjast til landsins SV-til.

VEÐUR 4

Losun á Hólmsheiði ólögleg

Ákvarðanir borgaryfirvalda um að breyta deiliskipulagi og leyfa jarðvegslosun á Hólmsheiði hafa verið felldar úr gildi. Úrskurðarnefnd segir losunina ekki samrýmast svæðis- og aðalskipulagi um landnotkun.

SKIPULAGSMÁL Stækkun borgaryfirvalda á losunarsvæði fyrir jarðefni á Hólmsheiði hefur verið felld úr gildi því hún samrýmist ekki landnotkun samkvæmt aðalskipulagi.

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti í nóvember 2007 að stækka tuttugu hektara losunarsvæði fyrir jarðveg á Hólmsheiði um þrettán hektara þannig að þar yrði heimilt að koma fyrir 2,5 milljónum rúmmetra af efni til viðbótar við þá 1,5 milljónir rúmmetra sem heimilað var að losa árið 2001. Þegar heimildin var samþykkt fyrir sjö árum var skilyrði að aðeins yrði urðaður þar jarðvegur sem væri ómengaður af mannavöldum. Síðastliðinn vetur var þúsundum rúmmetra af olíumenguðum jarðvegi af framkvæmda-

svæði Háskóla Reykjavíkur í Öskjuhlíð ekið á Hólmsheiði.

Eigandi landspildu við Reynisvatn kærði breytingu Reykjavíkurborgar á deiliskipulagi Hólmsheiðar frá í nóvember og kærði sömu-leiðis framkvæmdaleyfi sem skipulagsráð borgarinnar veitti til jarðvegslosunar á svæðinu í apríl á þessu ári.

Í úrskurði Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála kemur fram að kærandinn telji losunina yfirlægilega og ólöglega. Mörg sumarhús séu illa eða ekki nothæf vegna þessa.

„Jarðvegi og úrgangi hafi verið mokað og ýtt í margra metra hæð rétt við lóðarmörkin þannig að útsýni sé skert og landslagi spilt,“ rekur úrskurðarnefndin sjónarmið landeigandans.

Reykjavíkurborg telur deiliskipulagið lögmætt og segist ekki hafa raskað hagsmunum landeigandans þannig að ólöglegt væri.

„Umrædd losun hafi gert það að verkum að meira skjól hafi myndast við fasteign kæranda og þar með aukið verðmæti hennar,“ segir í umfjöllun úrskurðarnefndarinnar um málrök Reykjavíkurborgar.

Úrskurðarnefndin segir að umrætt svæði, sem er kallað Græni trefillinn, sé í aðalskipulagi og svæðisskipulagi skilgreint sem svæði til skógræktar og útivistar og að jarðvegslosun þar samrýmist ekki þeirri skilgreiningu. Bæði deiliskipulagið og framkvæmdaleyfið fyrir losuninni voru því felld úr gildi.

- gar



TJALDIÐ FELLUR Þessir erlendu ferðamenn tóku niður tjald sitt í rigningarsudda í Laugardalnum í gær. Þeir njóta vafalaust sólar í dag enda veðurspáin með afbrigðum góð um land allt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nýstárleg tilraun í París:

Rafbílar handa öllum í snattið

FRANKLAND, AP

Borgarstjórinn í París ætlar að útvega fjögur þúsund rafbíla sem hafðir verða til reiðu á 700 stöðum í borginni. Þar getur fólk leigt sér bíl gegn vægu gjaldi og skilið hann eftir þegar erindi er lokið á einhverjum þessara sjö hundruð staða.

Hugmyndin er komin frá sams konar tilraun með reiðhjól, sem borgarstjórinn hratt af stað fyrir ári og hefur gengið svo glimrandi vel.

Reyndar hafa einhverjir áhyggjur af því að allt muni fyllast af bílum í borginni, sem varla ræður þó við núverandi bílafloða.

Borgarstjórinn er hins vegar bjartsýnn og ætlar að hafa rafbílana klára í lok árs 2009 eða byrjun árs 2010.

- gb



BERTRAND DELANOË
Borgarstjóri Parísar stoltur á reiðhjól.

Veðurspár fyrir verslunarmannahelgina eru víðast hvar góðar:

Allt útlit fyrir bongóblíðu

VEÐUR Útlit er fyrir mikla veðurblíðu víðast hvar á landinu um verslunarmannahelgina samkvæmt veðurspám. Í fréttatilkynningu frá Veðurstofu Íslands segir að búast megi við hægum vindi og bjartviðri frá laugardegi til mánudags. Hljást verður vestan til á landinu en hitinn verður á bilinu 7 til 22 stig.

Menn ættu því ekki að láta

letjast til útivistaferða þó að vart verði strekkings og einhverjir þokubakkar blasi við um landið austanvert og með suðurströndinni á föstudag.

Á veðurfréttavefnum belgingur.is, sem Reiknistofa í veðurfræði stendur fyrir, er varla nokkur úrkoma í kortunum á laugardag og sunnudag en hins vegar gert ráð fyrir hægum vindi og hlýind-

um sérstaklega á Vesturlandi, sunnanverðum Vestfjörðum og innsveitum suðvestanlands.

En kálið er ekki sopið þótt í ausuna sé komið og Veðurstofan tekur það fram í tilkynningunni að spáin verði nákvæmari eftir því sem á líður. Þessi spá verður endurskoðuð í dag þótt flestir gætu unað vel við hana óbreytta.

- jse



SPURNING DAGSINS



Fjola, er þetta ekki brothættur bransi?

„Jú, og kostar miklar bollaleggingar.“

Fjola Guðmundsdóttir hefur rekið Antik-húsið við Skólavörðustíg í 20 ár.



KASTLJÓSIÐ Frægt er viðtal Helga Seljan við Jónínu Bjartmarz í Kastljósinu um málið.

Kastljósið sýknað:

Málinu verður líklega áfrýjað

DÓMSMÁL „Þetta er sú niðurstaða sem ég bjóst við og er sáttur við hana,“ segir Þórhallur Gunnarsson, ritstjóri Kastljóssins. Kastljóssstjórnendur og útvarpsstjóri voru sýknuð af kröfu Luciu Sierra og Birnis Orra Péturssonar.

Stjórnendur Kastljóssins voru kærðir fyrir meiðyrði vegna fréttaflutnings Kastljóss um veitingu ríkisborgararéttar til Luciu. Krafist var 3,5 milljóna samtals í skaðabætur.

Dögg Pálsdóttir, lögmaður Luciu og Birnis, segir að líklegt sé að málinu verði áfrýjað til Hæstaréttar.

- vsp

LÖGREGLUFRÉTTIR

Barn brenndist á Akureyri

Barn brenndist í gærkvöldi á Akureyri þegar heitt vatn skvettist á handlegg þess. Flytja þurfti barnið á sjúkrahús til aðhlýnningar.

Tekinn fyrir fíkniefnaakstur

Karlmaður á títugsaldri var tekinn grunaður um fíkniefnaakstur í Reykjanesbæ í gær. Málið er í rannsókn.

Tíu teknir á Blönduósi

Tíu voru teknir fyrir of hraðan akstur á Blönduósi í gær. Sá hraðasti keyrði á 115 kílómetra hraða á klukkustund.

2

FRÉTTABLAÐIÐ

29. júlí 2008 **ÞRIÐJUDAGUR**

Ný jarðskjálftahrina hófst austan við Grímsey á fimmta tímanum í fyrrinótt: Þrjú hundruð skjálftar í gær


HAMFARIR Jarðskjálftahrina hófst á ný í Grímsey í fyrrinótt. Nokkuð harður jarðskjálfti varð laust fyrir klukkan fimm um morguninn og reyndist um 4 á Richter. Rúmum þremur klukkustundum síðar varð annar öflugri skjálfti og mældist 4,5 á Richter.

Margir eftirskjálftar fylgdu í kjölfarið. Nær þrjú hundruð skjálftar höfðu mælst frá miðnætti þar til síðdegis í gær þegar virknin var tekin að minnka.

Upptök skjálftanna voru á svipuðum slóðum og jarðskjálftahrinurnar við eyna í síðustu viku að sögn Matthews Roberts, eftirlitsmanns á Veðurstofu Íslands. Hann segir að engin merki sjáist um eldvirkni á þessum slóðum.

„Ég var vöknúð um klukkan hálffimm og heyrði drunur vegna jarðskjálfta skömmu síðar,“ segir Anna María Sigvaldadóttir, íbúi í Grímsey. Hún kveðst þó að öðru leyti lítið hafa orðið vör við jarðskjálftana í gærmorgun.

„Ég var vöknúð um klukkan hálffimm og heyrði drunur vegna jarðskjálfta skömmu síðar,“ segir Anna María Sigvaldadóttir, íbúi í Grímsey. Hún kveðst þó að öðru leyti lítið hafa orðið vör við jarðskjálftana í gærmorgun.



JARÐSKJÁLFTAR VIÐ GRÍMSEY Að minnsta kosti átján jarðskjálftanna þrjú hundruð mældust yfir 3 á Richter síðdegis í gær. Þeir sjást stjórnumerkir á myndinni. MYND/VEÐURSTOFA ÍSLANDS

Anna María neitar að Grímseyingar séu orðnir áhyggjufullir vegna jarðhræringanna nú og í síðustu viku enda hafi flestir íbúa lítið fundið fyrir skjálftunum.

- ht

Ósáttur íbúi sagaði runna í borgarlandi

Ólöf Anna Ólafsdóttir hjá garðyrkjudeild Reykjavíkur segir grátlegt að fólk eyðileggi gróður í borgarlandi. Runnar í Æsufelli voru skipulega klipptir niður á laugardagskvöldið. Hundruð þúsunda króna tjón. Lögregla rannsakar málið.

LÖGREGLUMÁL „Þetta er verulega sárt því við höfum lagt okkur mikið fram um að gera Efra-Breiðholtið fallett,“ segir Ólöf Anna Ólafsdóttir, hverfisstjóri hjá garðyrkjudeild Reykjavíkur-borgar, sem í gær kallaði til lög-reglu vegna skemmda á gróðri við Æsufell.

Íbúi sem rætt var við í Æsufelli en vildi ekki láta nafns getið segist hafa skilning á því að einhver hafi tekið sig til og klippt niður runna á borgarlandi sem skilur að bílastæðin við Æsufell og umferðargötuna. Runnarnir hafi ógnað umferðaröryggi því þeir hafi byrgt þeim sem aki út af bílastæðinu sýn.

Fulltrúi í stjórn húsfélagsins sem vildi ekki heldur að nafn hans kæmi fram segir hins vegar að garðyrkjudeild borgarinnar hafi í fyrravetur brugðist við ábendingum um að runnarnir væru of háir og lækkað þá þannig að flestir íbúanna hafi verið sáttir. Það hafi því alls ekki verið að undirlagi húsfélagsins að ráðist var til atlögu við runnagróðurinn síðla á laugardagskvöld. Atgangur hafi staðið fram yfir miðnætti.

Sá íbúi í Æsufelli sem vitni hafa bent á sem klipparann segist í samtali við Fréttablaðið hvergi hafa komið nærri enda hafi hann verið á Laugarvatni um liðna helgi.

„Það er algerlega óásættanlegt fyrir okkur, sem erum nánast af hugsjón að fegra þetta hverfi, að fólk taki upp hjá sjálfu sér að



ÓLÖF ANNA ÓLAFSDÓTTIR Hverfisstjóri garðyrkjudeildar í Efra-Breiðholti og Mjódd segir vakningu hafa orðið þar og að bæði borgin og íbúar keppist við að gera hverfið fallett og hlýlegt. Skemmdarverk eins og þau sem unnin voru við Æsufell um helgina verði ekki liðin.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

.....

Hvernig þætti fólki af einhver kæmi inn í garðinn hjá því og eyðilegði þar blóm bara vegna þess að þau færu í taugarnar á honum?

ÓLÖF ANNA ÓLAFSDÓTTIR HVERFISSTJÓRI

uppræta gróður sem við höfum lagt vinnu í að koma upp. Hvernig þætti fólki ef einhver kæmi inn í garðinn hjá því og eyðilegði þar blóm bara vegna þess að þau færu í taugarnar á honum?“ spyr Ólöf og segir að sem betur fer sé ekki mikið um að skemmdir séu unnar á gróðri í eigu borgarinnar.

„Það er stundum að krakkar eða eitthvert bílað fólk eyðileggur eitthvað en það er sjaldgæft að það sé eins skipulagt og hérna þar sem greinilega hefur verið farið með vélsög á runnana,“ segir Ólöf sem kveðst telja að tjónið í Æsufelli hlaupi á hundruðum þúsunda króna mælt í nýjum plöntum og vinnu. „Við höfum grun um að ákveðinn maður hafi staðið fyrir þessu og gerum ráð fyrir að lögreglan ræði við hann.“

gar@frettabladid.is

Ráðist á mann í Heiðmörk: Handrukkara enn leitað í gær

LÖGREGLUMÁL Handrukkara sem gengu í skrokk á rúmlega þrítugum manni í Heiðmörk aðfaranótt sunnudags var enn leitað síðdegis í gær.

Fríðrik Smári Björgvinsson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, býst við að hafa hendur í hári mannanna fljótlega þar sem talið sé vitað hverjir þar voru á ferð.

Maðurinn sem ráðist var á komst alblóðugur og skorinn í andliti að verslun Bónuss við Kaupþún í Garðabæ eftir árásina. Setti hann þar öryggiskerfi í gang og honum var í kjölfarið komið til hjálpar.

- ht

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir: Sáttmálinn er lifandi plagg

STJÓRNMÁL „Stjórnarsáttmálinn er lifandi plagg og þar kemur ekkert fram sem fer gegn ríkjandi ástandi,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir um grein Ellerts B. Schram í Morgunblaðinu í gær.

Í greininni leggur Ellert það til að gerður verði nýr stjórnarsáttmáli vegna breyttra aðstæðna í efnahagsmálum. „Það hefur enga þýðingu að breyta sáttmálanum. Ef það er nægilega mikið traust milli flokka þá þarf ekki nýjan stjórnarsáttmála. Ýmislegt hefur gerst þrátt fyrir að það standi ekki í sáttmálanum,“ segir Þorgerður.

- vsp

Stuðningsmenn Karadzic: Sagðir ætla að hindra framsal

SERBÍA, AP Harðir þjóðernissinnar í Serbíu hafa boðað til útifundar í Belgrad í kvöld. Óttast er að óeirðir brjótist út og reynt verði að koma í veg fyrir framsal Radovans Karadzic til Haag. Lögmaður Karadzic telur að stjórnvöld muni hraða framsali hans til stríðsglæpadómstólans áður en mótmælin hefjast.

Dómstóll í Belgrad getur ekki úrskurðað um framsal hans fyrr en borist hefur áfrýjun, sem lögmaður Karadzic segist hafa sett í póst seint á föstudaginn.

„Karadzic er Bosníu-Serbi, svo það væri rökrétt að áfrýjunin yrði pósthöfð í Bosníu,“ sagði lögmaðurinn. „Ég myndi ekki útiloka það að áfrýjuninni vaxi bæði yfirskegg og alskegg áður en hún berst hingað.“

- gb

SIEMENS

Ryksuga VS 01E1800

Létt og lipur. Kirsuberjarauð. Stillanlegt afl mótors frá 300 upp í 1800 W. Sjálfinnndregin snúra, hleðsluskynjari. 3 lítra poki. Vinnuradíus: 8 m. Vinnuhollt handfang. Stillanleg lengd á sogröri.



Tilboðsverð: 9.900 kr. stgr. (Verð áður: 12.700 kr.)

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000 www.sminor.is

Óvenjulegt mál fyrir stjórnlagadómstóli Tyrklands gæti haft afdrifaríkar afleiðingar: Stjórn Erdoganans yrði bönnuð

TYRKLAND, AP Stjórnlagadómstóll Tyrklands er þessa dagana að kanna hvort banna skuli stjórnarflokk landsins. Réttlætis- og þróunarflokkinn, sem hefur yfirgnæfandi meirihluta á þingi og hefur stjórnað landinu síðan 2002.

Í mars síðastliðnum ákærði aðalsaksóknari landsins Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra og sjötíu aðra félaga í flokknum, og fór fram á að þeim yrði bannað að ganga í stjórnsmálaflokk næstu fimm árin. Abdullah Gül forseti er meðal hinna ákærðu.

Þeir eru sakaðir um að ætla að brjóta gegn hinni veraldlegu stjórnskipan landsins, með því að koma á fót trúarlegri stjórnskipan að íslömskum sið. Meðal rökstuðnings saksóknara fyrir sekt stjórnarflokksins er að stjórnin hafi fyrir stuttu reynt að afnema bann við því að konur noti höfuðslæður innan dyra í æðri menntastofnunum landsins.

Verði flokkurinn bannaður þyrfti að efna til kosninga hið fyrsta. Áform stjórnarinnar um innngöngu Tyrklands í Evrópusambandið gætu runnið út í sandinn. Hætta er á að harka færist í átök milli þeirra sem vilja halda hinni veraldlegu stjórnskipan og hinna sem vilja veg trúarinnar



FORSÆTISRÁÐHERRA TYRKLANDS Recep Tayyip Erdogan í fylgd lífvarða á flugvellinum í Istanbul.

NORDICPHOTOS/AFP

meiri. Hófsamir múslimar gætu jafnvel hrakist í lið með þeim sem lengst vilja ganga.

Stjórnlagadómstóll Tyrklands var stofnaður árið 1963. Síðan þá hefur hann bannað á þriðja tug stjórnsmálaflokka.

- gb



HEITUSTU SUMARTILBOÐIN

FRÁBÆR TILBOÐ Í STÓRVERSLUN N1
Á BÍLDSHÖFÐA 29. JÚLÍ TIL 13. ÁGÚST

40%
AFSLÁTTUR
af öllum grillum og
yfirbreiðslum



Broil King
Sovereign 90XL
076 988783IS

~~139.900,-~~
Tilboð
83.940,-

BÍLAVÖRUR
Mikið úrval af bílavörum
m.a. farangursboxum,
dráttarbeislum og
verkfærasettum.



20%
AFSLÁTTUR
af öllum Movera
ferðavörum



Stóll með borði
909 82055

~~7.900,-~~
Tilboð
6.320,-



Uppvottagrind
909 35668

~~2.490,-~~
Tilboð
1.992,-



Ketill m/ flautu
909 31436

~~2.490,-~~
Tilboð
1.992,-



Fjarstýrður bíll
A852 82611094

~~9.900,-~~
Tilboð
5.940,-



Talstöð
handstöðvar
898 MT200-2VP

Tilboð
3.990,-



Vatnsbrúsi 12 ltr,
með krana
909 77560

~~1.190,-~~
Tilboð
952,-



Hallamælir
með sogskálum
909 35196

~~845,-~~
Tilboð
676,-



Scott
DVD ferðaspilari
A358 85060598

~~24.900,-~~
Tilboð
14.900,-



Garmin
hlaupaúr
A385 85060629

~~29.900,-~~
Tilboð
19.900,-



Veiðistangasett
A638 866623124

~~4.900,-~~
Tilboð
2.900,-



Kenwood bíltæki
896 KDC-W3041

Tilboð
18.900,-

Mikil verðlækkun á völdum bíltækjum.



GENGIÐ 28.07.2008

GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	82,08	82,48
	Sterlingspund	163,06	163,86
	Evra	129,22	129,94
	Dönsk króna	17,316	17,418
	Norsk króna	15,972	16,066
	Sænsk króna	13,663	13,743
	Japanskt jen	0,7617	0,7661
SDR		133,54	134,34

GENGISVÍSITALA KRÓUNUNNAR

165,7673

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



AFHENDING UNDIRSKRIFTA Leiðbeinendur sjást hér afhenda mannauðsstjóra Reykjavíkur undirskrifta- og áskorana-lista.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vinnustöðvun leiðbeinenda:

Undirskriftir afhentar í gær

KJARAMÁL Leiðbeinendur hjá Vinnuskóla Reykjavíkur söfnuðust saman í Ráðhúsinu í gær kl. 14 til að afhenda borgarstjóra og mannauðsstjóra Reykjavíkur borgar undirskriftalista 130 leiðbeinenda sem og áskoranir. Helsta áskorunin var að hafa laun leiðbeinenda jafnhá og laun sambærilegra leiðbeinenda, eins og til dæmis þeirra sem vinna í félagsmiðstöðvun. Þeir leiðbeinendur fá um 30.000 krónum meira í laun. Vinnustöðvun var hjá leiðbeinendum í hádeginu svo þeir gætu tekið þátt í fundinum í ráðhúsinu. Leiðbeinendurnir munu mæta aftur til vinnu í dag.

- vsp

SUÐURLAND

Vilja endurbætur á Stöng

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps tekur undir með fulltrúum Fornleifaverndar þess efnis að endurbóta sé þörf á þjóðveldisbænum Stöng í Þjórsárdal. Bærinn þykir hafa skemmst nokkuð síðastliðinn vetur.

ÞÝSKALAND

Kristilegir stærstir

Flokkur kristilegra demókrata í Þýskalandi er í fyrsta sinn fjölmennasti stjórnmálaflokkur Þýskalands, næstur á eftir sósíaldemókrötum sem lengi hafa verið fjölmennastir. Báðir flokkar eru í ríkisstjórn og félagatala beggja hefur reyndar lækkað undanfarið.

10 ltr.
4.590

KYNNINGAR
VERÐ
Í JÚLÍ



ÚTI
MÁLNING



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

Kerfélagið gerir samkomulag við ferðaskrifstofuna Farveg um gjaldtöku í Kerið:

Fyrsta samkomulagið um gjald

FERÐAMÁL „Þetta eru fyrstu viðræður í þá átt að finna einhverja lausn á þessu máli,“ segir Hildur Jónsdóttir, eigandi ferðaskrifstofunnar Farvegur ehf., sem nýlega gerði samkomulag við Kerfélagið um gjaldtöku í Kerið í Grímsnesi. Forsvarsmenn Kerfélagsins tilkynntu 15. júlí síðastliðinn að tekið yrði gjald fyrir komur í Kerið í Grímsnesi. Miklar umræður hafa verið um þetta að undanfögnu og sitt sýnist hverjum. Nú hefur Farvegur ehf. tekið skrefið og gert samning við Kerfélagið. „Ég er búin að fara með einn 200 manna hóp í Kerið síðan við ákváðum þetta en við höfum enn ekki



KERIÐ Kerið er mjög vinsæll ferðamannastaður. Nýlega var byrjað að taka gjald fyrir komur þangað.

FRÉTTABLAÐIÐ/NUÖRDUR

ákveðið hvert gjaldið á að vera,“ segir Hildur en hún sjálf segist ekki fylgjandi gjaldtöku að náttúrufyrirbærum landsins. „Ég er

hrædd við að ef einn byrjar á gjaldtöku þá fari allir að hefja gjaldtöku.“

Óskar Magnússon, formaður Kerfélagsins, segir að þetta sé fyrsta samkomulagið um gjaldtöku frá því að tilkynnt var að byrja ætti að rukka fyrir komur í Kerið. „Þessi samningur hefur vonandi eitthvað að segja um framtíðina.“

Kerið er í Grímsnesi og hefur lengi verið vinsæll ferðamannastaður. „Það er erfitt að fara ekki í Kerið þegar þetta er komið í bæklinga ferðamannsins,“ segir Hildur að lokum.

- vsp

Tvísýnt um Doha-viðskiptasamning

Enn er tvísýnt um að samningur náist á heimsviðskiptaráðstefnunni í Genf. Samningur yki frelsi í alþjóðaviðskiptum og gerði ríkjum að lækka tolla. Tollavernd íslensks landbúnaðar minnkaði og aukinn innflutningur lækkaði matvælavæð.

SVISS, AP Enn er tvísýnt um að samningur náist á Doha-ráðstefnu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) sem nú fer fram í Genf í Sviss. Viðræðurnar, sem kenndar eru við höfuðborg Katar, hafa staðið í tæp sjö ár án niðurstöðu. Er stefnt á að auka frelsi í alþjóðaviðskiptum, einkum hvað varðar verslun með landbúnaðar- og iðnværing, og að rétta viðskiptastöðu þróunarríkja. Stjórnmalaskýrendur telja að ef niðurstaða náist ekki á næstu dögum sé líklega úti um samkomulag. Ólíklegt væri þá að nýr alþjóðlegur viðskiptasamningur næðist á næstu árum. Samkomulag hefur hringað til einkum strandað á deilu þróunarlanda og ríkari landa Evrópu og Norður-Ameríku. Þróunarlönd vilja að ríku löndin lækki landbúnaðartolla og dragi úr niðurgreiðslum í landbúnaði. Ríku löndin vilja að þróunarlöndin dragi úr höftum á innflutningi iðnaðarvarnings og þjónustu, einkum bankastarfsemi. Það vakti bjartsýni um niðurstöðu þegar Pascal Lamy, framkvæmdastjóri WTO, tilkynnti um helgina að samningsríki væru nálægt því að koma sér saman um málamiðlunarsamning. Málamiðlunarsamningurinn gerir ráð fyrir að heimildir Evrópusambandslanda til landbúnaðarstyrkja lækki um áttatíu prósent og heimildir Bandaríkjanna um sjötíu prósent. Tollar þróunaríkjanna á iðnværing yrðu að hámarki tuttugu til tuttugu og fimm prósent. Í gær virtust samningsaðilar þó vera komnir aftur í skotgrafirnar. Bandaríkjamenn sökuðu Kínverja og Indverja um að stefna viðræðunum í hættu með því að hindra málamiðlunarsamning Lamys. Kínverjar og Indverjar, með stuðningi margra annarra þróunaríkjanna, hafa leitað heimilda til að auka innflutningshöft á landbúnaðarafurðir. Bandaríkjamenn segja það ganga gegn anda viðræðanna. Náist samningur í Genf kemur það til með að hafa umtalsverð áhrif á umhverfi íslensks landbúnaðar. Beingreiðslur til bænda yrðu lagðar niður og annað form ríkisstyrkja tekið upp. Tollar á landbúnaðarafurðir yrðu lækkaðir og innflutningskvótar rýmkaðir.



REYKT SVÍNAKIÐ Gera má ráð fyrir að innflutningur ýmiss landbúnaðarvarnings til Íslands aukist náist viðskiptasamningur í Genf.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Má gera ráð fyrir að innflutningur matvæla ykist fyrir vikið og matvælavæð lækkaði. Bændasamtök Íslands hafa þó lýst áhyggjum af áhrifum þessa á stöðu bænda.

gunnlaugurh@frettabladid.is

Slasaðist alvarlega í bílveltu:

Enn í öndunarvél á gjörgæslu

SLYS Maðurinn sem slasaðist alvarlega í bílveltu efst í Norðurárdal í Borgarfirði á föstudagskvöld var í gær enn á gjörgæslu og haldið sofandi í öndunarvél. Líðan mannsins var stöðug og ástand hans eftir atvikum, að sögn læknis á Landspítala.

Annar maður sem einnig slasaðist mikið í bílveltunni var útskrifaður af gjörgæslu sólarhring eftir slysið og er á batavegi.

Lögregla í Borgarnesi segir ókunn mann bifreiðarinnar ekki grunaðan um ölvun við akstur eins og fyrstu fregnir frá lögreglu gáfu til kynna og greint var frá í Fréttablaðinu.

- ht

Fannst illa leikinn í Keflavík:

Á batavegi eftir aðgerð á ökkla

LÖGREGLUMÁL Maður sem fannst alblöðugur og illa leikinn fyrir utan samkvæmi í Keflavík aðfaranótt sunnudagsins er á batavegi. Hann þurfti meðal annars að gangast undir aðgerð vegna ökklabrots sem hann hafði hlotið auk annarra meiðsla.

Sex hafa verið yfirheyrdir vegna gruns um líkamsárás en var öllum sleppt að því loknu. Frásagnir þeirra eru misvísandi, að sögn Sveinbjörns Halldórssonar hjá rannsóknardeild lögreglu á Suðurnesjum. Báru þeir við að maðurinn hefði dottið og hlotið meiðsl sín þannig en lögregla lagði ekki trúnað á þá frásögn.

Málið er enn í rannsókn hjá lögreglu.

- ht

Forsætisráðherra Ísrael:

Engir samningar fyrir árslok

JERÚSALEM, AP Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísrael, segir engar líkur á því að friðarsamkomulag takist við Palestínumenn fyrir árslok. Þar muni einkum stranda á djúpstæðum ágreiningi um stöðu Jerúsalem borgar.



EHUD OLMERT

Hann sagði þó í öðrum ágreiningsefnum, svo sem um landamærin og örlög palestínskra flóttamanna, sé bilið ekki nærri eins breitt.

Palestínumenn segja þessi ummæli Olmerts benda til þess að Ísraelum sé ekki full alvara með að ná samningum fyrir árslok.

- gb


VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

EINMUNA VEÐURBLÍÐA

Segja má að við veðurspárgerðina þessa dagana sé maður hálfheiminn við þær hitatölur sem kom út úr reikningunum. Hitinn í dag kann að ná 25 stigum í uppsveitum sunnan og vestan til og á morgun má búast við allt að 27 stiga hita til landsins vestan til. Þetta eru hlýndi sem geta vel slegið hitamet, þar á meðal í Reykjavík.



HEIMURINN

Kaupmannahöfn	25°
Billund	28°
Ósló	24°
Stokkhólmur	21°
Gautaborg	25°
Helsinki	22°
Eindhoven	26°
Amsterdam	26°
London	21°
Berlín	32°
Frankfurt	28°
Friedrichshafen	27°
Paris	25°
Basel	29°
Barcelona	27°
Alicante	29°
Algarve	32°
Tenerife	24°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Ekki missa af þessu !



Frábær tilboð - allt að 30% afsláttur í júlí



30%
afsláttur
af Chiro Collection
heilsurúmum í júlí

Chiro Collection
heilsurúm

Ný hönnun

Chiro heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæðum. Gormakerfið er læst saman langsum til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma er 220 pr fm. í MultiSpring kerfinu. Dýnuna getur þú valið með Conforma heilsu- og hægindalagi, Latex eða ViscoPedic þrýstijöfnunarefni. Steyptir hliðarkantar sem veita 25% meira svefnsvæði. 5 ára ábyrgð á gormakerfi Chiro heilsudýnnunar.

Þú þarft aldrei að snúa henni

Ólíkt venjulegu viðsnúanlegu dýnunum þá byggist ending Chiro heilsudýnnunar ekki á því að henni sé snúið við. Gæti ekki verið auðveldara.

- 7 svæða heilsu og hægindalag.
- Aukin þægindi og fullkomlega nýttur svefnflötur.



.....hvert einasta kvöld

Gravity Zero

- Gravity Zero er einn öflugasti stillanlegi botninn á markaðnum.
- Lyftigeta er yfir 40.000 Newton einingar sem er 4 sinnum meira en öflugustu botnar sem eru í boði í dag og u.þ.b. 7 sinnum meira en algengasti mótörinn er.
- Meiri kraftur, hljóðlaus, meiri hraði og engin bilun.
- Öll tannhjól, fóðringar, festingar og liðamót eru úr næloni - ekkert að smyrja og ekkert ískur.
- Hljóðlætt og öflugt.
- Hert stálgrind undir öllum botninum.
- Hæðarstilling á fótasvæði hefur aldrei verið meiri.
- Mótör er prófaður sem læknataeki frá Nemko - Þýskalandi.
- Mótör í Gravity Zero er viðurkenndur af Nemko - Þýskalandi.
- Pillowtop m/ 2 nuddmótörum, 12 nuddkerfum og tímarofa.
- 11 ára ábyrgð á mótör & grind



20%
afsláttur
af stillanlegum rúmum
í júlí



betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Ópið virka daga frá kl. 10-18
Laugadaga frá kl. 11-16

Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566

KJÖRKASSINN



Finnst þér textinn við nýtt lag Baggalúts, Þjóðhátíð '93, ósmekklegur?

Já	28,2%
Nei	71,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:
Ætlar þú á útihátíð um verslun-armannahelgina?

Segðu þína skoðun á visir.is.

visir

Sprengjuárásir í Írak:
Kostuðu tugi manna lífið

ÍRAK, AP Nærri fimmtíu manns fórust samtals í tveimur sprengjuárásum í Írak í gær. Önnur árásin var gerð á píla-grímaför sjá-múslima í höfuð-borginni Bagdad en hin á útifund Kúrda í borginni Kirkuk.

Árásin í Bagdad kostaði meira en 30 manns lífið og var sú mannskæðasta síðan 17. júní, þegar bílasprengja varð 63 manns að bana. Árásin í gær var gerð þegar þúsundir sjá héldu að helgri byggingu í norðanverðri borginni til að minnast dýrlings frá áttundu öld. Flestir hinna látnu voru konur og börn.

- gb

Mannréttindabrot í Palestínu:
Pyntingum á föngum fjölgar

PALESTÍNA, AP Pyntingum hefur fjölgað töluvert í fangelsum Palestínumanna, bæði á Vesturbakkanum og á Gazasvæðinu.

Þetta fullyrða tvenn mannréttindasamtök, palestínsku samtökin Al Haq og alþjóðlegu samtökin Human Rights Watch, sem hafa höfuðstöðvar í New York.

Undanfarið ár hafa sveitir Fatah á Vesturbakkanum og sveitir Hamas á Gazaströnd handtekið hundruð pólitískra andstæðinga sinna. Talið er að tuttugu til þrjátíu prósent fanganna beggja vegna hafi mátt sæta pyntingum.

- gb

DÓMSMÁL

Gæsluvarðhald staðfest

Gæsluvarðhaldsúrskurður yfir Þorsteini Kragh, athafnamanni og Hollendingi, sem grunaður er um að hafa flutt 190 kílógrömm af hassi inn til landsins var staðfestur í Hæstarétti í gær.

6FRÉTTABLAÐIÐ

Umhverfishreyfingin Saving Iceland mótmælti framkvæmdum á Hellisheiði:
Sjö mótmælendur handteknir

MÓTMÆLI Sjö meðlimir umhverfis-hreyfingarinnar Saving Iceland voru handteknir við aðgerðir á Skarðsmýrarfjalli á Hengilssvæðinu í gær.

Um tuttugu mótmælendur stöðvuðu vinnu við jarðhitaborun Orkuveitu Reykjavíkur vegna stækkunar Hellisheiðarvirkjunar í mikilli þoku á tólfra tímanum í gær að sögn Miriam Rose, talsmanns hreyfingarinnar. Höfðu þau stöðvað vinnu á svæðinu í að minnsta kosti klukkustund þegar lögregla kom á staðinn að sögn Miriam.

„Við viljum mótmæla útbenslu framkvæmdanna hér á Hellisheiði og einnig fjárfestingum Orkuveitunnar í Jemen,“ segir Miriam en í því skyni hengdu mótmælendur upp fána með áletruninni „Orkuveitu Reykjavíkur burt frá Hellisheiði og Jemen“.

Að sögn varðstjóra hjá lögreglunni á Selfossi höfðu tveir hinna handteknu hlekkjað sig við jarðborinn Tý og fimm stóðu í vegi fyrir hjólaskóflu og neituðu að yfirgefa svæðið. Aðrir hlýddu fyrirmælum um að fara af vinnusvæðinu.

Þrjár konur og fjórir karlar voru handteknir, þar af sex útlendingar af mismunandi þjóðerni. Til stóð að yfirheyra fólkið í gær.

- ht



MÓTMÆLENDUR HANDTEKNIR Lögregla handtók sjö liðsmenn umhverfissamtakanna Saving Iceland sem mótmæltu Hellisheiðarvirkjun á Skarðsmýrarfjalli í gær.

Búðarhálsvirkjun er álitlegur kostur á ný

Framkvæmdir við Búðarhálsvirkjun hafa legið niðri í nokkur ár. Hátt orkuverð eykur líkur á að hún verði að veruleika. Gæti orðið á undan Þjórsárvirkjunum.

VIRKJANIR Framkvæmdir við Búðarhálsvirkjun hafa legið niðri síðan árið 2002. Breyttar aðstæður við orkuþörf og Norðlingaveitu réðu því að virkjunin var sett á hakann.

Skipulagsstofnun gaf út leyfi fyrir vorið 2001 og strax það ár hófust framkvæmdir að stöðvarhúsinu. Sjö kílómetra aðkomuvegur var lagður upp að fyrirhuguðu stöðvarhúsi, sprengt fyrir húsinu og klettastálið steypusprautað og Tungnaá var brúuð.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir að óvissa með Norðlingaölduveitu á sínum tíma hafi haft áhrif á að framkvæmdum við Búðarháls var hætt. „Þá breyttist orkuþörfin, en virkjunin hafði verið hugsuð til að sjá stækkun álvers Norðuráls fyrir orku. Þeir sneru sér hins vegar til samkeppnisaðilans og við vorum ekki tilbúin til að lækka verðið,“ segir Þorsteinn.

Aðalstífla Búðarhálsvirkjunar mun liggja þvert yfir farveg Köldukvíslar. Þá verður Tungnaá einnig stífluð og við það myndast sjö ferkílómetra inntakslón; Sporðöldulón. Reiknað er með að virkjunin geti orðið allt að 120 MW og leggja þurfi 17 kílómetra langa 220 kV háspennulínu vegna hennar.

Í matsskýrslu framkvæmdaaðila með verkinu kemur fram að svæðið við Búðarás væri nokkuð sótt af ferðamönnum, einkum yfir sumartímann. Nauðsynlegt væri að koma góðum upplýsingum til ferðamanna. Ekki er að sjá nein upplýsingaskilti við geilina fyrir stöðvarhúsinu sem staðið hefur tóm í sex ár.

Hátt raforkuverð er forsenda þess að verið er að huga að Búðarhálsvirkjun nú. „Virkjunin er álitlegur kostur í samhengi við þá miklu eftirspurn sem er eftir orku núna. Heldur dýrari virkjun getur verið hagkvæmur kostur ef raforkuverð er hátt,“ segir Þorsteinn.

Spurður hvort menn hafi farið af geyst af stað í framkvæmdir, í ljósi þess að gryfjan hefur staðið tóm, segir Þorsteinn svo ekki vera. „Menn töldu þetta vera skynsamlega ráðstöfun og þetta væri ekkert sem hlypi frá okkur. Við höfum ekki talið



GRYFJAN Stöðvarhús Búðarhálsvirkjunar verður í þessari risavöxnu gryfju. Hún hefur staðið auð í sex ár.

MYND/KJARTAN PÉTUR SIGURÐSSON/PHOTO.IS



BÚÐARHÁLSVIRKJUN Lón virkjunarinnar, Sporðöldulón, verður allt að sjö ferkílómetrar. Virkjunin getur framleitt allt að 120 MW.

annað en að það verði af framkvæmdum, ef ákveðið verður að falla frá þeim munum við rækta svæðið upp.“

Skipulagsstofnun gerði í sínum úrskurði kröfu um að gróðurlendi sem tapaðist vegna lónsins yrði bætt.

kolbeinn@frettabladid.is

29. júlí 2008PRÍÐJUDAGUR

Vinnuslys við Kárahnjúka:
Féll tvo metra niður af lyftara

LÖGREGLUMÁL Betur fór en á horfðist þegar maður féll um tvo metra niður af lyftara við störf við Kárahnjúkavirkjun síðdegis á sunnudag.

Verið var að lyfta manninum með lyftara þegar slysið átti sér stað en þá var hann að vinna að vegg í Hraunaveitu að sögn Óskars Bjartmarz, yfirlögregluþjóns á Seyðisfirði.

Maðurinn var fluttur á sjúkrahúsið í Neskaupstað en reyndist lítið slasaður að sögn Óskars.

Rannsókn málsins stendur yfir hjá lögreglu.

- ht



FÓRNARLÖMB ÁRÁSARINNAR Margir Indverjar hafa fallið í sprengjuárásum hryðjuverkamanna síðustu ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leitað hjá Bandaríkjamanni:
45 biðu bana í sprengjuárás

INDLAND, AP Fjórutíu og fimm létust og hundrað sextíu og einn særðist þegar að minnsta kosti sextán sprengjur sprungu í indversku borginni Ahmadabad á laugardaginn.

Lítt þekktur íslamskur hópur sagðist bera ábyrgð á árásunum. Hópurinn sendi tölvupóst á nokkrar indverskar fréttastofur fimm mínútum áður en sprengjurnar sprungu. Þar stóð: „Í nafni Allah ... finnið ógn dauðans!“.

Lögregla réðist í gær inn á heimili bandaríks ríkisborgara í Mumbai og tók þaðan tölvu sem hún segir að pósturinn hafi verið sendur úr. Lögregla gefur ekki upp hvort maðurinn sé grunaður um aðild að árásunum.

- gh

Amnesty ályktar um ÓL:
Kína hefur svikið loforð

MANNRÉTTINDI Íslandsdeild Amnesty International hefur ályktað um að Kína hafi svikið loforð um umbætur í mannréttindamálum fyrir Ólympíuleikana.

Í ályktuninni segir að leiðtogar heimsins eigi ekki að samþykka að Ólympíuleikar fari fram í skugga kúgunar og ofsókna.

- vsp

-2 krónur

í Stykkishólmi

í dag!

Afsláttur er veittur af almennu verði Orkunnar sem er 170,1 kr. á 95 okt. bensíni og 188,0 kr. á dísel.

M.v. verð 29. júlí 2008.

Stykkishólmur

Borgarnes

Sparaðu hjá Orkunni í dag!

www.orkan.is



SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!



 **SALTFÉLAGIÐ**

Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is

HEIMILIÐ ER HEILAGT      

hún kom á eftir mér út í skrudshús þar sem ég hafði gleymt kambinum og sagði að þetta væri pakkinn og mér fannst hann næstum stærri en hún þar sem hún stóð í fjólubláu dragtinni sinni nýkomin úr lagningu

hún sagði að ég væri sláandi lík mömmu í kjólnum, hún sagðist hafa gefið mömmu og pabba alveg eins brúðkaupsgjöf, svo allt gæti byrjað, hún var svo flink hún mamma þín, sagði hún og ég sagði: hættu nú, amma

ég held að hún hafi helst viljað að ég opnaði pakkann strax en ég var að verða of sein í myndatökuna, hún þurrkaði mér um kinnina og sagðist bara hinkra

Volkswagen kynnir
nýjar leiðir til að spara
umtalsverðar fjárhæðir.

NAME *Volkswagen Passat*

Þú færð Passat fyrir aðeins
44.750 kr á mánuði*



100%
ERLENDRI MYNT

NAME *Volkswagen Polo*

Þú færð Polo fyrir aðeins
24.950 kr. á mánuði*



100%
ERLENDRI MYNT

80% lán í að fullu í erlendri mynt

Þeir sem hafa hraðar hendur geta sparað umtalsverðar fjárhæðir með kaupum á nýjum Polo eða Passat. Við bjóðum takmarkað magn af þessum sparneytnu bílum á mögnuðum kjörum. Komdu núna. Við tökum vel á móti þér og gamla bílnum þínum líka!

Volkswagen Passat
Verð áður ~~3.570.000 kr.~~
Verð nú **3.355.000 kr.**

*Sjálfskiptur Passat Comfortline Plus 2.0 FSI kostar nú aðeins 44.750 kr. á mán. í 84 mán. m.v. 100% myntkörfulán með 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,5%.

Volkswagen Polo
Verð áður ~~1.990.000 kr.~~
Verð nú **1.875.000 kr.**

*Beinskiptur Polo Comfortline 1.4 kostar nú aðeins 24.950 kr. á mán. í 84 mán. m.v. 100% myntkörfulán með 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,78%.



Das Auto.

Reynslan er góð!

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



HRINGBRAUT Herdís Storgaard, íbúi við götuna, segir mörg slys hafa orðið vegna kappaksturs undanfarin ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Skólabörn í lífshættu á leið yfir Hringbraut

Kappakstur og vanvirðing á umferðarreglum á vesturhluta Hringbrautar í Reykjavík setur íbúa dreyrrauða. Ökumenn keyra ítrekað móti rauðu göngu-ljósi. Íbúar götunnar vilja aðgerðir af hálfu Reykjavíkurborgar og lögreglunnar.

SAMFÉLAGSMÁL Ólafur Bjarnason, samgöngustjóri Reykjavíkurborgar, segir umferðareftirlit á Hringbraut í Vesturbænum vera á ábyrgð lögreglu. Mikil óánægja ríkir meðal íbúa vegna hávaða og ítrekaðs kappaksturs í götunni en á laugardaginn endaði einn þeirra með þriggja bíla árekstri.

„Auðvitað förum við yfir þessi mál að sumarfríum loknum. Það er ekki útilokað að myndavélar verði settar upp. Íbúar Hringbrautar eru áhyggjufullir eftir slysið á laugar-daginn.

„Þetta er ekki í fyrsta skipti sem eitthvað svona gerist,“ segir Herdís Storgaard íbúi. „Á undanförn-um misserum hafa orðið mörg slys vegna kappakstra og síbrotinna umferðarlaga.“ Hámarkshraði á Hringbraut í Vesturbæ er 50 kíló-metrar á klukkustund.

„Ég hef oft séð bíla aka á fólk,“ segir Herdís. „Það er eins og öku-menn geri sér ekki grein fyrir því að hér er mikil umferð gangandi vegfarenda. „Eins gleyma bílstjórar að stoppa við gönguljós, bæði inni í vesturbænum sjálfum og einnig við Þjóðminjasafnið.

Hringbrautin sker vesturbæinn í sundur og mörg börn þurfa að fara yfir hana til þess að komast í skóla, sundlaug og á íþróttasvæði KR. Háskóli Íslands er einnig á svæðinu auk þess sem Elliheimilið Grund stendur við götuna.

Að auki hefur þétting byggðar í Vesturbænum og á Seltjarnarnesi orðið til þess að þyngja umferðina. Herdís bendir á að þetta hafi eyðilagt alla útiveru við götuna.

„Það fólk sem býr norðanmegin við Hringbrautina er oft með garða til suðurs. Þá er ekki hægt að nota

sökum svifryks og hávaða.“ Hún bætir því við að sér sárni það mjög þegar rætt sé um að setja götur í stokk í öðrum hverfum. „Sérstaklega þar sem það er svo aðkallandi hér.“

Sigríður Pétursdóttir, íbúi við götuna tekur í sama streng: „Hér er ekki svefnfriður fyrir ískrandi hjólbörðum bílstjóra í kappi hver við annan.“

„Ég skora á lögregluna og borgaryfirvöld að gera eitthvað í þessum málum.“

Ekki náðist í borgarstjóra því hann er í sumarfrí. Hjá umferðardeild lögreglunnar fengust þær upplýsingar að ástandið væri erfitt. Því miður sé einbeittur brota-vilji ráðandi hjá þeim sem stunda þennan kappakstur og erfitt að hafa hendur í hári þeirra.

helgath@frettabladid.is

AFLEIÐUTENGT SKULDABRÉF

TEKIÐ TIL VIÐSKIPTA Á OMX NORDIC EXCHANGE ICELAND HF.



Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf. (Straumur) hefur birt lýsingar vegna töku tveggja skuldabréfaflokka til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf., annars vegar flokks með auðkennið STRB 07 4, ISIN IS0000015022 og hins vegar flokks með auðkennið STRB 07 5, ISIN IS0000015048.

Nafnverð útgáfu:

Heildarnafnverð skuldabréfanna sem nú eru tekin til viðskipta er 2.000.000.000 kr. í hvorum flokki. Nafnverð hverrar einingar er 5.000.000 kr.

Skilmálar bréfanna:

Skuldabréfin eru 95% höfuðstólstryggð eingreiðslubréf. Bréfin eru óverðtryggð og fer öll greiðsla umfram 95% af höfuðstól eftir virði afleiðu sem tekur mið af hlutabréfaverði Glitnis banka hf. miðað við grunnengið 28,1.

Skilmálar bréfa 07 4

Fjárfestar fá 120% þátttöku í hækkun fram að 47,5% hækkun miðað við framangreint grunnengi. Endurgreiðsla fer fram í einni greiðslu á lokagjaldþaga 5. ágúst 2008.

Skilmálar bréfa 07 5

Fjárfestar fá 120% þátttöku í hækkun fram að 50% hækkun miðað við framangreint grunnengi. Endurgreiðsla fer fram í einni greiðslu á lokagjaldþaga 6. október 2008.

Fyrsti viðskiptadagur:

OMX Nordic Exchange Iceland hf. mun taka bréfin til viðskipta þann 29. júlí 2008.

Umsjón með sölu skuldabréfanna og töku til viðskipta á OMX Nordic Exchange Iceland hf. er Glitnir banki hf., Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík. Lýsinguna og önnur gögn sem vitnað er til í henni er hægt að nálgast hjá Straumi, Borgartúni 25, 105 Reykjavík og á heimasíðu Straums, www.straumur.net fram til lokadags bréfanna.

Reykjavík, 29. júlí 2008

GLITNIR





Stóll	Verð	75.000
	Nú	45.000
Hliðarborð	Verð	75.000
	Nú	45.000
Spegill	Verð	35.000
	Nú	21.000



Borð 180x90	Verð	75.000
	Nú	45.000
Stóll	Verð	17.500
	Nú	10.500
Glerskápur	Verð	145.000
	Nú	87.000







Sófi 3ja sæta	Verð	145.000
	Nú	87.000
Stóll	Verð	45.000
	Nú	27.000
Kommóða	Verð	115.000
	Nú	69.000



Borð + 6 stólar	Verð	133.000
	Nú	79.800
Skenkur	Verð	89.000
	Nú	53.400
Glerskápur	Verð	115.000
	Nú	69.000



ÚTSALAN ER HAFIN!

TEKK
COMPANY

OPÍÐ LAUGARDAGA 10-18 OG SUNNUDAGA 13-18
BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR



KÁTUR George W. Bush Bandaríkjaforseti heldur á hinum fimm mánaða gamla Stanley Debshaw. Bush var á fjáröflunarsamkomu repúblikana í Illinois-riki.

NORDICPHOTOS/AFP

Kosningar í Kambódíu:

Stórsigur fyrrverandi khmera

KAMBÓDÍA, AP Þjóðarflokkur fyrrverandi rauða khmerans Huns Sen, forsætisráðherra Kambódíu, vann stórsigur í kosningum um helgina.

Fyrstu tölur benda til þess að flokkurinn hafi náð 91 af 123 þingsætum.

Vinsældir Huns Sen hafa aukist mjög undanfarið í tengslum við deilu við Taílandinga um eignarráð yfir fornu hindúahofi á landamærum ríkjanna.

Hun Sen hefur verið við völd í Kambódíu í 23 ár. Hann varð yngsti forsætisráðherra heims árið 1985, aðeins 33 ára gamall.

- gh



HUN SEN

Enn af innkaupum í gegnum netið:

Raunverulegur sparnaður með magninnkaupum

Ösp Viggósdóttir gerir athugasemdir við neytendadálkinn í síðustu viku þar sem borið var saman verð á hlutum keyptum á Amazon.com og í verslunum á Íslandi: Framsetningin var langt frá raunveruleika okkar sem verslum á netinu, skrifar Ösp. Í fyrsta lagi það að kaupa eitt eintak í einu, það gera Íslendingar aldrei, heldur kaupum við 3-10 eintök, hvort sem við kaupum bækur, DVD eða eitthvað annað. Þá verður sendingarkostnaðurinn og meðferðargjald tollsins hlutfallslega lítill hluti af heildarverði og þá næst fram raunverulegur sparnaður. Annað sem ég hnaut um var að þetta voru allt dæmi frá amazon.COM, sem er í Bandaríkjunum.



DR. GUNNAR neytendur@frettabladid.is

um. Ég versla yfirleitt á breska amazon, amazon.co.uk, kaupi svo til eingöngu bækur en eitthvað líka af DVD. Sendingarkostnaður er mun lægri þar sem sendingin fer frá einu Evrópulandi til annars en ekki milli heimsálfa. Auk þess berast pakkarnir yfirleitt innan viku. Hvernig væri að gefa neytendum raunhæft dæmi, t.d. 3-6 bækur frá Amazon (á .com OG .co.uk)?

Alveg sjálfsagt. Hér eru dæmi af sex bókum og verðin í Eymundsson, Amazon.co.uk og Amazon.com. Sparnaður er 4.681 krónur væru bækurnar pantaðar frá Amazon.co.uk og 3.740 krónur væru þær pantaðar frá Amazon.com. Fullyrðingar Aspar eru því réttar. Það felst raunverulegur sparnaður í magninnkaupum.

Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Eymundsson samtals: 17.270 kr. Paulo Coelho - Bída (1.995 kr.), Eric Clapton the Autobiography (2.495 kr.), Bob Dylan 1962-2001 lyrics (3.595 kr.), Paul Arden - God explained in a taxi ride (1.795 kr.), Amy Sohn - Sex and the City (2.395 kr.), Simone & Ines Ortega - 1080 recipes (4.995 kr.).

Amazon.co.uk samtals: 12.589 kr - 4.681 kr minna en hjá Eymundsson. Bækur samtals 59,25 pund. Póstkostnaður: 9,93 pund. Samtals 69,18 pund (x*164 = 11.345 kr.). Gjöld í tollinum: 1.244 kr (794 kr. (7 prósentu vsk.) + 450 kr (tollmeðferðargjald)).

Amazon.com samtals: 13.530 kr - 3.740 kr. minna en hjá Eymundsson. Bækur samtals 120.35\$. Póstkostnaður: 27.93\$. Samtals 148.28 dollarar (x 82.44 = 12.224 kr.). Gjöld í tollinum: 1.306 kr. (856 kr (7 prósentu vsk.) + 450 kr (tollmeðferðargjald)).

Óvíst er hverjir bera ábyrgð á blóðugri sprengjuárás í Ístanbul í fyrradag:

Kúrdum kennt um sprengjur

TYRKLAND, AP Óvíst er hverjir bera ábyrgð á tveimur sprengingum í Ístanbul í Tyrklandi í fyrrakvöld. Sautján létust og hundrað og fimmtíu slösuðust í sprengingunum.

Tyrknesk yfirvöld hafa bendlað uppreisnarmenn Kúrda við árásina. PKK, uppreisnarhópur Kúrda, neitar þó alfarið aðild. Ýjuðu talsmenn hans að því að veraldlegir þjóðernissinnar ættu sök á árásinni.

Mikill ríður hefur verið undanfarna mánuði milli hófsamra íslamskra afla í ríkisstjórn Tyrklands og veraldlegra afla í tyrkneska hernum og dómskerfinu. Höfðað hefur verið mál til að fá hinum ríkjandi Réttlætis- og þróunarflokki slitið fyrir að grafa undan veraldlegu stjórnkerfi ríkisins sem bundið er í tyrknesku stjórnarskrána. Er dóms að vænta á næstu dögum, og telja sumir árásina tengjast því.

Íslamistar hafa einnig verið bendlaðir við árásina. Árið 2003 létust nærri sextíu í árásum á skrifstofu breska ræðismannsins, breskan banka og sýnagógur í Ístanbul. Liðsmenn hryðjuverka-samtakanna al-Kaída báru ábyrgð á þeim árásum.

- gh



FÓRNARLAMB ÁRÁSARINNAR Sprengjurnar sprangu á fjölmennri götu í íbúahverfi.

NORDICPHOTOS/AFP

LÖGREGLUFRETTIR

Árekstur við Kjarnaskóg

Einn var fluttur á slysadeild eftir árekstur tveggja bifreiða á Drottningarbraut á Akureyri í gær. Áverkar mannsins voru ekki taldir alvarlegir að sögn lögreglu. Báðir bílar eru voru dregnir af vettvangi.

Ung kona ók á brúarstólpa

Kona á þritugsaldri ók á brúarstólpa á Suðurlandsvegi við Krókháls í fyrrinótt. Konan var ein í bílnum og er grunuð um að hafa verið undir áhrifum lyfja eða ólöglegra fíkniefna að sögn lögreglu. Hún slapp ómeidd frá árekstrinum.

ÍRAK

Tugum milljarða sóað í Írak

Bandaríkjamenn hafa sóað tugum milljarða króna í misheppnuð verkefni í Írak. Þetta kemur fram í rannsókn á verktakasamningum í Írak sem Bandaríkjaþing fyrirskipaði og enn er unnið að.

www.toyota.is

SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA BETRI EN AÐRIR



Toyota Land Cruiser 200

Navigation, sóllúga
4500 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 01.08 Ekin: 12.000 km
Verð: 12.600.000 kr. Skr.nr. DPP-47



Toyota Land Cruiser 100

Sóllúga, navigation, dráttarbeisli
4200 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 09.04 Ekin: 109.000 km
Verð: 6.950.000 kr. Skr.nr. AT-225
Tilboð: 5.990.000 kr.



Lexus RX400H Luxury

Navigation, Mark Levinson
3300 Bensín/rafmagn sjálfsk.
Á götuna: 01.06 Ekin: 40.000 km
Verð: 6.560.000 kr. Skr.nr. DJ-698



Lexus RX350 EXE

Sóllúga, loftþúðafjöðrun
3500 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 08.07 Ekin: 16.000 km
Verð: 7.560.000 kr. Skr.nr. SVX-48



Range Rover HSE

Sóllúga, leður, navigation o.fl.
4400 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 07.04 Ekin: 59.000 km
Verð: 5.990.000 kr. Skr.nr. LS-233



Toyota RAV4

2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.05 Ekin: 52.000 km
Verð: 2.750.000 kr. Skr.nr. LL-521
Tilboð: 2.390.000 kr.

BNB-sölugreining

Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Núna bjóðum við 6 betri notaða bíla með 12 mánaða viðbótarábyrgð.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL

GÆÐABÍLL

Útsalan er hafin



habitat 



10-70%
AFSLÁTTUR

Útsala
10, 30, 50 og
70% afsláttur.



TE & KAFFI



» Frappuccino



» Cappuccino

0kr.

Frír drykkir

Allir sem versla fyrir 3.000 kr. eða meira hjá Habitat, Eymundsson eða Stubbasmíðjunni fá frían kaffi- eða tedrykk hjá Te & Kaffi.



STUB
BASMÍ
DJAN



40%
AFSLÁTTUR

Útsala

Allt að 40% afsláttur af völdum vörum.
Allar nýjar vörur á 10% afslætti.*

www.stubbasmidjan.is

*Allar vörur nema Bugaboo



10%
AFSLÁTTUR

Útsala

Jeva skólatöskur á sama verði og í fyrra.
Einnig 10% afsláttur af öllum vörum.
Aðeins í Eymundsson Holtagörðum.

Tilboð með fyrirvara um prentvillur

Allt í Holtagörðum

– Ein frábær ferð

FBL-GREINING: ROSENBERG-HJÓNIN DÆMD OG TEKIN AF LÍFI

Sovéskir njósnarar

Dómari í Bandaríkjunum heimilaði nýlega að leynd yrði létt af vitnisburðum í máli Rosenberg-hjónanna, sem árið 1953 voru tekin af lífi fyrir njósnir fyrir Sovétríkin. Ekki verður leynd létt af vitnisburðum þeirra vitna sem enn eru á lífi og hafa enn ekki gefið leyfi fyrir því að vitnisburður þeirra verði gerður opinber. Þeirra á meðal er David Greenglass, bróðir Ethel Rosenberg, en hann var lyk- ilvitni í því sem nefnt hefur verið stærsta njósnamál kaldastríðsáranna.



Hver voru Julius og Ethel Rosenberg?

Julius Rosenberg var fæddur 12. maí 1918 í New York í Bandaríkjunum. Hann var sonur fátækra innflytjenda af gyðingættum og varð snemma hátt settur í ungliðasamtökum kommúnista þar sem hann kynntist Ethel. Hann var rafmagnsfræðingur að mennt og vann við radarkerfi bandaríska hersins í heimsstyrjöldinni síðari. Ethel Greenglass Rosenberg fæddist 28. september 1915 í New York. Hún var einnig af gyðingættum og starfaði í fyrstu sem leik- og söngkona áður en hún hóf störf sem ritari hjá skipafélagi. Þau hjón eignuðust tvo syni, Robert og Michael sem síðar tóku upp nafnið Meeropol.

Hvaða leyndarmálum stálu þau?

Samkvæmt vitnisburði Alexanders Feklisov, fyrrum félaga Juiusar, lak Julius þúsundum leyniskjala auk þess hann réð nokkra aðra einstaklinga til að njósna fyrir Sovétríkin. Samkvæmt þessum sama vitnisburði var það Julius sem fékk David Greenglass, sem þá vann að Manhattan-verkefninu, sem var gerð fyrstu kjarnorkusprengju bandamanna, til að njósna fyrir Sovétríkin.

Hvað þótti sannað í réttarhöldunum?

Réttarhöldin yfir Rosenberg-hjónunum hófust 6. mars 1951 og var David Greenglass, bróðir Ethel, aðalvitni saksóknara. Hann hélt því fram að systir hans hefði endurritað upplýsingar sem vörðuðu kjarnorkuleyndarmál Bandaríkjanna. Að auki hélt hann því fram að hann hefði afhent Juliusi teikningar af tæknibúnaði í kjarnorkusprengju sambærilegri þeirri sem varpað var á Nagasaki undir lok síðari heimsstyrjaldar. Þrátt fyrir að upplýsingarnar sem Ethel endurritaði hefðu lítið haft með kjarnorkusprengjuáætlun Sovétmanna að gera var Ethel sakfelld fyrir samsæri um njósnir. Þann 29. mars 1951 voru Rosenberg-hjónin fundin sek og 5. apríl sama ár voru þau dæmd til dauða. Þau héldu ávallt fram sakleysi sínu. Aftakan fór fram við sólarupprás 19. júní 1953 í fangelsinu Sing Sing í New York.

Hvert var álit þeirra sem fylgdust með?

Réttarhöldin vöktu strax mikla athygli. Utan verjenda þeirra hjóna þótti fæstum líklegt að þau væru saklaus. Það var ekki fyrr en í ágúst 1951 sem gagnrýnisráddir fóru að heyrast og snerist gagnrýni þá á stundum um meint gyðingahatur, jafnvel þó að bæði dómarrinn og saksóknarrinn væru sjálfir gyðingar. Gagnrýnendur réttarhaldanna og þá sér í lagi dauðadómsins yfir þeim hjónum voru margir og þekktir einstaklingar. Má þar nefna Albert Einstein, Fridu Kahlo, Fritz Lang, Bertholt Brecht og Pablo Picasso. Þá gagnrýndi Pius XII. páfi aftökuna og það hann Dwight D. Eisenhower, forseta Bandaríkjanna, um að milda dóminn.

Hver voru helstu áhrif málsins?

Málið hefur æ síðan verið rifjað upp þegar rætt er um kommúnisma í Bandaríkjunum. Joseph McCarthy nýtti sér málið í störfum „and-bandarísku-“ nefndar sinnar en mál Rosenberg-hjónanna er jafnan tekið sem dæmi um pólitískar norðaveiðar Bandaríkjanna í kalda stríðinu.

VEITINGAHÚS — FULLT ALLA DAGA!

Af sérstökum ástæðum er til sölu veitingastaður í Miðborginni með mikla aðsókn og góða afkomu. Húsnæði getur fylgt.

Ragnar Tómasson 896 2222

-2kr.



Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is

FRÉTTASKÝRING: Nýbygging Listaháskóla í miðborginni

Ráðgert að átta hús víki fyrir Listaháskólanum

Vinningstillaga +Arki-tekta að nýbyggingu Listaháskóla Íslands á svokölluðum Frakkastígs-reit á horni Laugavegs og Frakkastígs var kynnt nýverið. Óhætt er að segja að tillagan hafi strax vakið mikla athygli en í henni er gert ráð fyrir að átta hús víki fyrir þessari rúmlega 13.500 fermetra byggingu.



HORN LAUGAVEGAR OG FRAKKASTÍGS Útlit Listaháskólans frá horni Laugavegar og Frakkastígs.

umferðarflæði tæki mið af fyrirbyggjandi deiliskipulagi og bíla-kjallara sem verði undir byggingu-um.

Í umsögn dómnefndar um vinningstillöguna segir að hún sé mjög sterk og byggji á einfaldri hugmynd sem felst í því að raða kubballaga einingum umhverfis glæsilegt miðrými sem er baðað dagsljósi. Þá segir að rýmum sé þjappað vel saman til að fá sem besta nýtingu. „Svalir á ýmsum hæðum gefa möguleika fyrir nemendur og starfsfólk til að komast undir bert loft og horfa til fjarlægra fjalla,“ segir í umsögn dómnefndar.

Gerir tillagan ráð fyrir að aðal-ingangur hússins verði frá Laugavegi. Í húsinu verður kaffihús, bókasafn, leikhús, tónleikasalur og sýningarsalir opnir almenningi en um 600 manns munu koma til með að starfa innan veggja skólans.

Nánar má fræðast um vinnings-tillöguna á byggingarreitnum sjálfum, á bak við hús númer 41 til 45 við Laugaveg.



HVERFISGATA TIL VESTURS Við Hverfisgötuna verða grófari verkstæði og vinnustofur myndlistar auk þess sem þar verður vörumóttaka fyrir starfsemi hússins.



MIÐRÝMI Í miðri byggingunni er gert ráð fyrir opnu miðrými þar sem hægt er að fá sýn á heildarstarfsemi skólans.



FRÉTTASKÝRING

OLAV VEIGAR DAVIDSSON
olav@frettabladid.is

FRAKKASTÍGUR 8

Steinhús, byggt árið 1925 en hækk- að og breytt að nokkru á árunum 1936 og 1939. Húsið er 916 fermetrar og hýsir verslanir, veitinga- og skemmtistaði, skrifstofur og íbúðir. Meðal annars skemmtistaðinn Vegas og áður skemmtistaðinn L.A. Café. Árið 1987 eru lóðirnar við Laugaveg 45, Frakkastíg 8 og Hverfisgötu 62 sameinaðar. Miklar endurbætur voru gerðar á húsinu í framhaldinu og voru þá húsin við Laugaveg 45A og Hverfisgötu 62 byggð við sinn hvorn enda hússins. Þá stóð til að húsið yrði verslunarkjarni en lítið varð úr þeim áætlunum vegna andstöðu



Þáverandi borgaryfirvalda við byggingu stórhýsis á staðnum. Gert er ráð fyrir að húsið verði rífið.

LAUGAVEGUR 41

Timburhús, byggt árið 1898 sem íbúðarhús Arinbjarnar Sveinbjarnarsonar bókbindara. Húsið var hækk- að 1903 og endurbætt árið 1916. Byggt var við húsið árið 1983. Húsið er tæplega 400 fermetra verslunar- og íbúðarhús. Ekki stendur til að rífa húsið.



LAUGAVEGUR 41A

Timburhús, byggt árið 1906 sem íbúðarhús og bakari við Hverfisgötu 56b. Árið 1926 var húsið flutt að Laugavegi 41A. Árið 1941 var bílskúr og viðbygging byggð við húsið. Það er í dag 237 fermetra íbúðarhús. Húsafriðunarnefnd hefur ekki gert tillögu um friðun hússins en vegna aldurs er það



háð þjóðminjalögum um allar breytingar á núverandi ástandi. Gert er ráð fyrir að húsið verði rífið.

LAUGAVEGUR 45

Timburhús, byggt árið 1897 sem íbúðarhús. Byggt var við húsið árin 1901 og 1907. Aftur ráðist í endurbætur árið 1928 en árið 1934 var húsið komið í eigu Sláturfélags Suðurlands sem síðar seldi húsið. Árið 1987 er lóðin sameinuð öðrum lóðum í næsta nágrenni og austasti hluti hússins rífinn til að rýma fyrir viðbyggingu. Í dag er húsið tæplega 280 fermetra verslunar- og íbúðarhús. Ekki er gerð tillaga að friðun hússins en vegna



aldurs er það háð þjóðminjalögum um allar breytingar. Gert er ráð fyrir að húsið verði rífið.



HVERFISGATA 58

207 fermetra íbúðarhús byggt árið 1926, geymsluhúsnæði á baklóð var byggt árið 1928. Gert er ráð fyrir að húsið verði rífið.



HVERFISGATA 58A

Rúmlega 206 fermetra íbúðarhús, timburhús, byggt árið 1906. Gert er ráð fyrir að húsið verði rífið eða flutt.



LAUGAVEGUR 43

Byggt árið 1919 sem verslunar- og íbúðarhús. Rúmlega 186 fermetra hús sem hýsir meðal annars verslunina Vínberið en íbúðir eru á efri hæðum. Húsið er hlaðið og er óbreytt frá byggingu þess. Húsafriðunarnefnd hefur ekki gert tillögu um friðun hússins og er gert ráð fyrir að það verði rífið.

ALLT AÐ
40% AFSLÁTTUR



Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ

RAFVÖRU MARKAÐURINN

RÝMINGARSALA Á GRILL & GARÐVÖRU



VERÐ ÁÐUR:
~~9594~~
7990
HÁPRÝSTIDÆLA 60 BAR



VERÐ ÁÐUR:
~~2495~~
1950
SLÁTTUORF 200W



VERÐ ÁÐUR:
~~19.990~~
12.990
SLÁTTUORF, BENSÍN



VERÐ ÁÐUR:
~~7995~~
5995
SLÁTTUORF 500W



VERÐ ÁÐUR:
~~11.988~~
9950
LAUFSUGA, BLÁSARI



VERÐ ÁÐUR:
~~27.995~~
21.995
SLÁTTURVÉL, BENSÍN - 1800W



VERÐ ÁÐUR:
~~7995~~
5995
HJÓLBÖRUR - VANDAÐAR



VERÐ ÁÐUR:
~~5900~~
3995
HEKKKLIPPUR, RAFMAGNS



VERÐ ÁÐUR:
~~12.990~~
9.990
KEÐJUSÓG, RAFMAGNS



VERÐ ÁÐUR:
~~15.950~~
12.950
SLÁTTURVÉL, RAFMAGNS - 1400W



VERÐ ÁÐUR:
~~299~~
179
GARÐKLÓRA



VERÐ ÁÐUR:
~~299~~
179
GARÐSKÓFLA



VERÐ ÁÐUR:
~~6950~~
5995
ÚÐABRÚSI 15L



VERÐ ÁÐUR:
~~2459~~
1959
ÚÐABRÚSI 5L



VERÐ ÁÐUR:
~~1668~~
1299
15M GARÐSLANGA
MEÐ STÚT OG TENGJUM



VERÐ ÁÐUR:
~~11.994~~
9595
SLÖNGUKEFLI 20M



Tilboðsverð:
449.900
NUDDPOTTUR

Stærð 203cm x 197cm x 90cm / 2 vatnsnuddælar, 2hö og 1 hö.
21 vatnsnuddstútar / Digital stjórnborð, stýrir nuddælum,
hitastýringu, hreinsikerfi og ljósum / Ozone hreinsikerfi og 3kw hitari
4 LED ljós í skel / Einangruð skel og lok, lágmarks hitatap.
Verð: 499.900

* Sérskilmálar



VERÐ ÁÐUR:
~~12.990~~
9990
GASGRILL

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

OPIÐ:
Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]**OMX ÍSLAND 15**
4.121 **+0,73%****Fjöldi viðskipta:** 137
Velta: 923 milljónir**MESTA HÆKKUN****↑ CENTURY ALUM.** +8,01%
SPRON +0,33%**MESTA LÆKKUN****↓ HB GRANDI** -4,76%
TEYMI -1,94%
LANDSBANKINN -1,75%**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 6,94 -0,14% ... Atorka 5,46 +0,00% ... Bakkavör 25,00 -0,60% ... Eimskipafélagið 14,25 +0,00% ... Exista 6,10 -0,33% ... Glitnir 14,80 -0,80% ... Icelandair Group 17,05 +0,00% ... Kaupþing 727,00 -0,41% ... Landsbankinn 22,40 -1,75% ... Marel 84,50 +0,00% ... SPRON 3,01 +0,33% ... Straumur-Burðarás 9,25 -0,22% ... Teymi 1,52 -1,94% ... Össur 84,50 +0,00%**viðskipti**

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Nyhedsavisen á markað**Nýr fjárfestir kemur inn. Stoðir Invest minnka hlut sinn í blaðinu.**

„Með aðkomu nýrra fjárfesta mun hlutur okkar fara niður í 15 prósent en við munum áfram eiga skuldabréfið,“ segir Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður Stöða Invest. Fyrir áttu Stoðir Invest 49 prósent. „Við erum búin að setja í þetta verkefni 450 milljónir danskra króna og þar af er skuldabréf upp á 250 milljónir,“ segir Þórdís. Hún segist jafnframt vera vongöf um að fá það lán greitt til baka um leið og félagið verður skráð á markað.

Nýr fjárfestir er kominn að félaginu og mun samanlagður hlutur hans og Mortens Lund, meirihlutaeiganda Nyhedsavisen,

**NYHEDSAVISEN**
Hlutur Stöða Invest verður 15 prósent.

verða 85 prósent. Enn hvílir mikil leynd yfir nýja fjárfestinum en með tilkomu hans mun fyrirtækið verða sett á markað á næsta ári. Lars Lindstrøm, fjármálastjóri fríblaðsins, hefur staðfest að undirbúningur sé nú þegar hafinn að kauphallarskráningu.

Enn bolar ekkert á ársreikningi Nyhedsavisen en nú er liðin rúm vika frá lokafresti félagsins til að leggja hann fram. Samkvæmt Jyllands Posten er ástæðuna að finna í því að endurskoðandinn vill ekki skrifa upp á reikninginn fyrr en fé nýja fjárfestisins er komið inn á reikning útgáfunnar. Að því loknu verði hulunni svipt af nýja fjárfestinum. - ghh

Taka brúarlán í Færeyjum

Færeyska olíuleitarfélagið Atlantic Petroleum hefur tekið brúarlán upp á 100 milljónir danskra króna til þess að fjármagna þróunarvinnu á olíuvinnslusvæðum við Chestnut og Ettrick, að því er fram kemur í tilkynningu. Upphæðin jafngildir um 1,7 milljörðum íslenskra króna.

Eftir lántökuna nema heildarskuldbindingar félagsins í brúarlánunum, en þau eru alla jafna til skemmri tíma, 270 milljónum danskra króna (um 4,6 milljörðum króna). Lánið á að endurgreiða lánið á fyrsta fjórðungi næsta árs. Að auki segir Wilhelm Petersen, forstjóri félagsins, stefnt á hluta-fjárlán á þessu ári. Eik Banki og Føroya Banki lána brúarlánið. - óká

Flutningsgetan aukin

„Við erum að undirbúa lagningu nýs sæstrengs, Danice, til Danmerkur og þessi samningur við THUS er hluti af því verkefni. Flutningsgeta Danice verður 100 Gbit/s í upphafi og því þurfum við líka að auka flutningsgetuna á Farice-1-sæstrengnum til Bretlands upp í 100 Gbit/s, til þess að eiga til reiðu jafnmikla flutningsgetu um báða sæstrengina“ segir Guðmundur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Farice hf.

Guðmundur segir að stærstur hluti aukinnar flutningsgetu fari til netþjónabús Verne Holding í Keflavík.

Farice hf. og fjarskiptafyrirtækið THUS hafa undirritað samning til tíu ára um landleiðir fyrir Farice-sæstrenginn í Bretlandi.

**GUÐMUNDUR GUNNARSSON**

THUS mun útvega 100 Gbit/s samband frá landtökuðstöð Farice-1-sæstrengsins í Norður-Skotlandi, til afhendingarstaðar þjónustu Farice hf. í London. Leiðin er tvöföld að mestu leyti til aukins öryggis, segir í tilkynningu.

Eignarhaldsfélagið Farice ehf., sem er félag íslensku hluthafanna í Farice hf., mun síðar á árinu leggja hinn nýja sæstreng Danice milli Íslands og Danmerkur.

Áætlað er að Danice-sæstrengurinn verði kominn í notkun í janúar 2009 og frá þeim tíma verða því tvær jafngildar leiðir fyrir öll fjarskipti Íslendinga til annarra landa. Samtímis verður flutningsgeta Farice-1 aukin og er samningurinn við THUS hluti af því verkefni. -as

Gengi Bandaríkjadals hækkar

Gengi Bandaríkjadals hækkaði á mánudag í kjölfar þess að Bandaríkjaþing gekk frá lögum um aðgerðir til stuðnings fasteignalánarisunum Fannie Mae og Freddie Mac. Dollarinn hefur ekki verið hærri gagnvart japönsku jeni í mánuð og evrunni í þrjár vikur.

Íslenska krónan veiktist um 1,24 prósent innan dagsins í gær, en einn dollari kostar nú 82,6 krónur.

„Björgunaraðgerðirnar styðja við dollarann. Þær létta á áhyggjum af húsnæðiskreppunni,“ sagði Yuji Saito, yfirmaður gjaldeyrisviðskipta Societe Generale í Tókýó.

Ástæður hækunarinnar eru lækkun olíuverðs og aðrar tiltölulega jákvæðar fréttir undanfarið. Margar bandarískar fjármálastofnanir hafa birt árschlutauppgjör sem voru betri en spáð hafði verið, og á föstudaginn birtu stjórnvöld tölur sem sýndu að sam-

**BÍLAIDNADUR** Hagfræðingar og greiningardeildir telja að atvinnuleysi í Bandaríkjunum hafi aukist í júlí, sjöunda mánuðinn í röð.

AFP/MARKAÐURINN

dráttur í sölu nýrra húseigna í júní var minni en gert hafði verið ráð fyrir. Tölurnar eru taldar gefa til kynna að botni húsnæðis- og lánsfjákræppunnar kunni að hafa verið náð.

Margir óttast þó að botninn sé

enn ekki í sjónmáli, og markaðsaðilar biða því uggandi eftir frekari vísbendingum um ástand efnahagsmála. Mörg stór fyrirtæki birta árschlutauppgjör í vikunni og í lok hennar koma nýjar tölur um hagvöxt og atvinnuleysi. - msh

Pægindi um land allt**Sumargjör**
Sólarrafhlaða,
fortjöld og gasgrill
fylgir öllum fellihýsum
Tilboð gildir til 30. júlí**Rockwood fellihýsi**

Sérstaklega löguð að íslenskum aðstæðum með galvaníseraðri grind, fjöðrum fyrir akstur á erfiðum vegum og upphituðum lúxusdýnum.



Fjöldur f. ísl. aðstæður



Evrópskar þrýstibremsur



Vatn tengt heitt/kalt



CD spilar/útlarp



Upphitaðar lúxusdýnur



-40 °C 44mm einangrun



Evrópskar þrýstibremsur



iDC

iDC stöðugleikakerfi



Séttakur vinkællir



19" LCD skjár



DVD spilar

Útilegumaðurinn er sérverslun með allt sem þú þarft til ferðalagsins, hjólhýsi, fellihýsi, pallhýsi, húsbíla, fylgihluti og margt fleira.

Fossháls 5-9 • 110 Reykjavík • Sími 551 5600
Fax 551 5601 • www.utilegumadurinn.is

**Útilegu maðurinn®****40% afsláttur****af fortjöldum fyrir hjólhýsi og húsbíla**

Tilboð gildir til 1. ágúst



...TVÆR GÓÐAR ÁSTÆÐUR TIL AÐ **MISSA EKKI AF KVÖLDMATNUM**



Ekta íslenskur

plokkfiskur
790 kr. kg

Fullt verð 1.190 kr. kg

Ekki má gleyma blessuðu rúgbrauðinu!

Fátt er betra með góðum plokkfiski en gott rúgbrauð. Í verslunum okkar bjóðum við því gæðarúgbrauð frá HP kökugerð á Selfossi.

Verði ykkur að góðu!



Forsoðin

Grísaríf BBQ
1.090 kr. kg

Fullt verð 1.498 kr. kg



Á HÖFUÐB.SVÆÐINU: GRENSÁSVEGI • BÚÐARKÓR • DALVEGI
HAMRABORG • HÖFÐABAKKA • SUNDLAUGARVEGI • NESVEGI
HÁALEITISBRAUT • TJARNARVÖLLUM • BITRUHÁLSI

Á AKRANESI:
ÆGISBRAUT 29

Í REYKJANESBÆ:
VERSLUNARMIDSTÖÐINNÍ FITJUM

Verslanir Gallerý kjöt og Fiskisögu eru opnar
– virka daga 11:00 – 18:30
– laugardaga 11:00 – 17:00 (nema á Akranesi)

(Gildir í dag Þriðjudag og miðvikudag.)

Leita ber leiða til að minnka svigrúm þeirra sem níðast á börnum:

Barnaverndarmál í gagnagrunni

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Grundvallarregla réttarríkisins er að maður sé saklaus þar til sekt hans er sönnuð. Þetta á við um kynferðisbrot gagnvart börnum eins og aðra glæpi.

Samt sem áður er íhugunarefni að þeir sem grundaðir eru um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum geti, með því að flytjast milli sveitarfélaga áður en til ákæru kemur, hreinlega flúið barnaverndaryfirvöld og þannig haldið athæfi sínu áfram í öðru sveitarfélagi þar sem barnaverndaryfirvöld hafa einskis orðið áskynja.

Steinunn Guðbjartsdóttir hæstaréttarlögmaður bendir í frétt í blaðinu í gær á að henni finnist fyrirkomulag á geymslu gagna barnaverndarnefnda ófullnægjandi og vill að þessi gögn verði aðgengilegri en nú er. Að mati Steinunnar veitir núverandi fyrirkomulag gerendum tækifæri til að haldi uppi athæfi sínu lengur en þeir kæmust upp með væru gögnin geymd í miðlægum grunni.

Í dag eru gögn barnaverndarnefnda eingöngu geymd hjá barnaverndarnefnd þess sveitarfélags sem mál kemur upp í.

Upplýsingaöflun og skráning persónulegra upplýsinga eru vissulega viðkvæmt mál og gæta ber allrar varúðar í þeim efnum. Óhætt er þó að taka undir það sjónarmið Steinunnar að óásættanlegt sé að persónuverndarsjónarmið nýtist gerendum en ekki þolendum kynferðisbrota gegn börnum.

Steinunn bendir á að til hagsbóta væri að gögn barnaverndarnefnda yrðu aðgengileg í gagnagrunni sem ákveðinn hópur hefði aðgang að. Með þeim hætti væri hægt að koma í veg fyrir að þeir sem grunsemdir hafa risið um að hefðu í frammi brot gagnvart börnum geti einfaldlega flust í annað sveitarfélag til að komast undan eftirgrennslan barnaverndaryfirvalda.

Það er afar brýnt að leita leiða til að draga úr kynferðisglæpum gegn börnum. Miðlæg skráning gagna barnaverndarnefnda gæti augljóslega komið í veg fyrir að slík niðingsverk yrðu framin og þannig fækkað fórnarlömbum kynferðislegs ofbeldis.

Það er þekkt staðreynd að barnaniðingar sækjast eftir störfum þar sem þeir eru í návígi við börn. Tækifæri þeirra til að halda áfram iðju sinni í öðru sveitarfélagi um leið og þeir verða þess áskynja að barnaverndaryfirvöld séu komin í mál þeirra eru augljós. Með miðlægum gagnagrunni barnaverndarmála gætu þeir sem ábyrgð bera á ráðningum í störf sem tengjast börnum og unglingum varist slíkum mönnum.

Brýnt er að Barnaverndarstofa leiði vinnu að því að koma upp miðlægum gagnagrunni um kynferðisbrot gegn börnum og fái sveitarfélögin til samstarfs um verkefnið. Jafnbrýnt er að farið sé gætilega með þessar upplýsingar, eins og aðrar persónuupplýsingar, og að grundvallarsjónarmið réttarríkisins séu höfð í heiðri.

Hvert tilvik um kynferðisbrot gegn barni er mikill harmleikur. Að verða fyrir slíku ofbeldi hefur áhrif á alla framtíð fórnarlambins. Þess vegna er brýnt að minnka svigrúm þeirra sem brjóta gegn börnum með þessum svívirðilega hætti.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Öli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

Sérhönnuð fyrir
íslenska
veðráttu

Markísur

Íslensk gæðaframleiðsla
Viðhaldsfrítt efni
Endalausir möguleikar



SEGLAGERÐIN ÆGIR

Eyjarslóð 5 101 Reykjavík S: 511 2200 www.seglagerdin.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Galin hugmynd?

Sagt var frá því um helgina að Davíð Oddsson, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, hefði tekið þátt í að hrekja Sigurð Kára Kristjánsson alþingismann, þegar félagar hans steggiuðu hann fyrir brúðkaup hans á dögnum. Davíð hringdi í Sigurð Kára og boðaði hann á leynifund á heimili sínu í Skerjafirði. Þegar Sigurður Kári mætti á fundinn hafi Davíð tjáð honum að nú væri svo komið



að þeir tveir yrðu að taka málin í sínar hendur og stofna nýjan flokk. Eftir að hafa setið drygklanga stund undir fyrirlestri Davíðs um stefnumál hins nýja flokks hafi vinir hans, sem lágu á hleri, hrundið upp hurðinni skelliðhlæjandi. Skemmtilegt uppátæki hjá vinum Sigurðar Kára. En miðað við aðgerðaleysi Sjálfstæðisflokksins undanfarin misseri er þetta kannski ekki svo hlægileg hugmynd, þegar allt kemur til alls.

Úreltur sáttmáli

Ellert B. Schram, þingmaður Samfylkingarinnar, ritar grein í Morgunblaðið í gær þar sem hann segir að svo margt hafi breyst frá



því að stjórnarsáttmálinn var undirritaður í maí í fyrra að ríkisstjórnin verði að semja sér nýjan. Þetta eru svo sem ekki ný sjónarmið en Ellert er líklega fyrsti stjórnarlíðinn sem segir þetta berum orðum.

Ellert hefur væntanlega tiltölulega greiðan aðgang að eyrum formanns síns, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, og ætti að gera það að sínu næsta verki að vekja athygli hennar á málinu, því fátt bendir til að oddvitar

ríkisstjórnarinnar hafi áttað sig á að plaggjó sem þeir styðjast við er úrelt. Annars væri löngu búíð að uppfæra það.

bergsteinn@frettabladid.is

Goðsagnir

Goðsagnir finnast í öllum mannlegum samfélögum og eru hluti af sameiginlegu minni okkar. En vísindin eru það líka. Það hefur alltaf verið til fólk sem er tilbúið að andæfa goðsögnum og halda fram mynd af veruleikanum sem því finnst sannari þótt hún stangist á við hefðina. Mörk goðsagna og vísinda eru ekki alltaf skýr þótt við aðgreinum þessi fyrirbæri með ólíkum hugtökum. Og þótt samfélag okkar sé stundum sagt stjórnað af vísindahyggju eru margir sem taka goðsagnirnar fram yfir hvort sem það er leynt eða ljóst.

Nú á dögnum ályktaði stjórn Sagnfræðingafélagsins gegn sögu-skoðun ríkisskipaðrar nefndar sem hafði fengið það verkefni að skilgreina þjóðareðli Íslendinga og taldi Sagnfræðingafélagið hana hvíla á goðsögnum. Ályktunin hefur þó vakið blændin viðbrögð, enda vilja sumir meina að margt geti verið til í þessum tilteknu goðsögnum en aðrir sjá ekkert athugasvert við að taka goðsagnir fram yfir vísindi.

Frelsisgoðsögnin

Sumar af goðsögnunum sem ríkisstyrkta nefndin náði að koma á framfæri í stuttum og hnitmiðuðum texta kalla raunar ekki á sérstök viðbrögð sagnfræðinga af þeirri einföldu ástæðu að hver maður getur séð að þær eru bull. Þar kemur m.a. fram að Íslendingar séu „dugleg og stolt þjóð, mótuð af lífsbaráttu í harðbýlu landi“. Vissulega eru margir landar mjög duglegir og einhver okkar eflaust mjög stolt líka, en svona alhæfingar um 300.000 manns geta aldrei hvílt á vísindalegum grunni. Ísland var vissulega harðbýlt hér á árum áður, en fæst okkar búa við þann veru-



SVERRIR JAKOBSSON
Í DAG | Söguskoðun

leika nú á dögum, a.m.k. ekki umfram aðrar þjóðir. Hérna ræður orðræða túristabæklingsins ríkjum með því málskrúði sem þar er iðulega blandað saman við hagnýtar upplýsingar.

Á hinn bóginn er augljóslega verið að vísa til sameiginlegs minnisleysis Íslendinga þegar því er haldið fram að fyrstu Íslendingarnir hafi komið hingað „í leit að frelsi og betri lífsskilyrðum“. Ef litið er framhjá þeim almennu sannindum að fólk sem flytur á milli landa hlýtur að vilja að búa við sömu eða betri lífsskilyrði og áður þá er margt í þessum knappa texta sem er hæpið. Og þó er frelsi lykilhugtak þegar við tökum til athugunar hóp sem er eins og fyrstu Íslendingarnir; hóp þar sem sumir eru frjálsir en aðrir ófrjálsir þrælur. Auðvelt er að ímynda sér að þrælarnir hafi þráð frelsi en varla rak sú frelsisþrá þá til Íslands. Hús-bændur þeirra voru eflaust stoltir af því að vera frjálsir menn en í skýrslunni er gefið í skyn að þeim hafi fundist þeir vera frjálsari á Íslandi en annars staðar. Um það vitum við ekki nokkurn skapaðan hlut því að hér er goðsögn á ferð; goðsögn sem er upprunnin í heimildum 12. og 13. aldar, en hefur síðan verið viðhaldið af bæði Íslendingum og Norðmönnum. Þannig gátu Íslendingar litið

á aristókratíska forfeður sína sem stolta uppreisnarmenn gegn norska ríkinu, en Norðmenn gátu notað sögurnar því til sönnunar að til hefði verið norskt ríki á 9. öld.

Sjálfstæðisgoðsögnin

Í skýrslu ímyndarnefndarinnar er því haldið fram að þegar þjóðin „fékk frelsi og sjálfstæði“ tók hún stökk frá því að vera þróunarland til þess að verða ein ríkasta þjóð í heimi á innan við öld. Aftur er frelsistrénu veifað, en núna vísar það ekki lengur til frjálsra þrælalaldara landnámsaldar heldur til pólitísks frelsis sem fylgt hafi sjálfstæðinu. Þetta finnst mörgum Íslendingum ekki vera nein goðsögn heldur staðreynd. Enda er varla hægt að mæla á móti því að Ísland var eitt af fátækustu og einangruðustu löndum veraldar á 19. öld, en er það ekki lengur.

Það er samt frekar augljóst að þessi söguskoðun er ekki frá dögum sjálfstæðisbaráttunnar heldur úr okkar eigin samtíma. Þetta má á sjá á hugtökunum „þróunarland“ og „ríkasta þjóð í heimi“. Við Íslendingar vorum einu sinni ein af þjóðum þriðja heimsins en við tilheyrum þeim ekki lengur.

Í skýrslunni kemur fram að til þess að breyta þessu höfum við einfaldlega „tekið stökk“ af eigin rammleik án nokkurrar þróunar-aðstoðar. Þannig reynist frelsi okkar vera annars eðlis en pólitískt frelsi nýlenduríkja annars staðar á hnettinum. Okkar frelsi færir okkur úr hópi þróunarlanda í hóp hinna ríku. Þar sem við eigum svo sannarlega heima líkt og landnámsmennirnir forfeður okkar.

Erum við sóðar?

UMRÆÐAN

Fanný Gunnarsdóttir skrifar um umgengni í höfuðborginni

Mér finnst nauðsynlegt að vekja Mathygli borgarbúa og annarra á umgengni í borginni. Nú í sumar hef ég sérstaklega tekið eftir rusli og drasli meðfram götum borgarinnar, á umferðar-eyjum og við gatnamót.

Það er alls ekki óeðlilegt að rusl komi undan snjó og klaka snemma á vorin en þegar komið er vel fram á vor og sumar á borgin að vera vel þrífín og hrein. Því miður hef ég upplifað það að sjá bílstjóra og farþega í bílum henda út um gluggana matarleifum og umbúðum af ýmsu tagi. Jafnframt hef ég séð gangandi vegfarendur henda frá sér drykkjarumbúðum og öðru er til fellur. Það er eins og fólk finnst allt í lagi að kasta frá sér umbúðum á götur, gangstéttir eða inn í nærliggjandi garða.

Það er alls ekki okkur sæmandi né bjóðandi að horfa upp á gosdósir, sigarettupakka, hálfétnar samlokur, sælgætisbréf og umbúðir utan af ýmsum matvælum liggja út um alla borg. Einnig er ástandið víða bágbrotið á bílastæðum við verslanir og sjóppur – glerbrot og rusl er allt of oft það sem tekur á móti viðskiptavinum. Er ástandið



FANNÝ
GUNNARSDÓTTIR

verra núna vegna þess að umgengni hefur almennt versnað eða er hefðbundinni hreinsun borgarinnar ábótavann? Hafa hverfamistöðvar og starfsmenn borgarinnar ekki undan að sjá um að halda borginni hreinni?

Ég hef vakið athygli borgaryfirvalda á þessari slæmu umgengni og vona að eitt-hvað verði gert til að vekja börn, unglinga og fullorðið fólk til umhugsunar. Ég átti von á öflugra og viðtækara átaki borgaryfirvalda hvað varðar almenna umgengni í hverfum borgarinnar m.a. í ljósi þess að borgarstjóri hefur margítrekað áhuga sinn á umhverfismálum. Fyrst og fremst hefur áherslan í vor verið lögð á hreinsun lóða og garða, að uppræta veggjakrot og ásýnd miðborgarinnar. Ég vil alls ekki kasta rýrð á þessi verkefni en meira þarf að koma til, vitundarvakning borgaranna og aukið aðhald frá borgaryfirvöldum.

Að lokum vil ég árétta að það er skylda okkar sem foreldra, uppalenda og ábyrga borgara að sýna gott fordæmi og sætta okkur ekki við söðaskap og hiruðleysi sem þetta.

Höfundur er varaformaður Kjördæmasambands framsóknarfélaganna í Reykjavík.

ÚT MEÐ GAMALT

INN MEÐ NÝTT

Komdu á vinalegu
húsgagna lagersöluna

Almennur opnunartími

Mán - Föstudagar 09 - 18

Dugguvogi 2 /Sími 557 9510 / patti.is

Fyrir ferðalagið

Gallabuxur háar í mitti **3.990 kr**
St. 36-44

Gallapils **3.990 kr**
st. s-xl

Jakkapeysur **3.990 kr**



Laugaveg 54,
sími: 552 5201

vísir.is

“...ég sá það á vísi”



Ragnhildur sleppur aldrei úr æfingu því hún segir daginn annars ónýtan.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Æfir tvisvar á dag

Ragnhildur Þórðardóttir, starfsmaður hjá Rannsóknarstofnun um lyffjamál við Háskóla Íslands, er mikið fyrir líkamsrækt og æfir tíu til tólf sinnum í viku.

„Áhugi minn á líkamsrækt byrjaði fyrir um átta árum, en fram að þeim tíma hafði ég lítið sem ekkert hreyft mig. Á þessu tímabili var ég orðin of þung þannig að ég byrjaði á því að fara til einkaþjálfara í þrjá mánuði og það kom mér á bragðið,“ útskýrir Ragnhildur, sem er með meistaraþráðu í heilsusálfræði. Eftir þessa þrjá mánuði segist hún hafa verið orðin háð hreyfingunni og hefur verið á kafi í líkamsrækt síðan.

Ragnhildur æfir yfirleitt tvisvar á dag, nema á sunnudögum en þá tekur hún sér fri og hleður batterið fyrir vikuna. „Ég æfi alltaf á morgnana klukkan sex og svo aftur eftir vinnu. Ég lyfti mikið en tek

líka brennsluæfingar. Ég æfi aðallega á líkamsræktarstöðvum en hleyp líka úti,“ útskýrir hún.

Ragnhildur hefur tvisvar tekið þátt í Prekmeistaranum, einu sinni í Fitness og tvisvar hlaupið tíu kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu. „Ég er ekki mikið í langhlaupum því þau ganga svo á vöðva-massann, sem ég er að reyna að byggja upp,“ segir Ragnhildur, sem stefnir að því að taka þátt í Fitness í annað sinn 29. nóvember næstkomandi.

Hvað mataræðið varðar þá er Ragnhildur með það allt á hreinu. „Ég borða litlar máltíðir sex sinnum á dag. Ég borða mikið af flóknum kolvetnum, hýðis-hrísgrjón, sætar kartöflur og haframjöl, en ég á líka minn nammidag,“ segir hún.

Þess má geta að Ragnhildur heldur úti vinsælu bloggi, ragganagli.blog.is, þar sem hún deilir til lesenda upplýsingum og greinum um líkamsrækt og heilsu.

klara@frettabladid.is

Kafbátur mánaðarins er frábær ferðafélagi

Pú færð kafbát allan sólarhringinn á N1 Ártúnshöfða og N1 Hringbraut

SUBWAY

í fínu formi

Reykjavík • Kópavogi • Mosfellsbæ • Akranesi • Akureyri

Egilsstöðum • Selfossi • Keflavík • Hafnarfirði

6 tommu bátur

329kr.

18

Subway staðir um allt land



Burt með bjúginn


Til eru ýmis ráð til að koma í
veg fyrir bjúgmyndun í fótum.
Eitt þeirra er að klæðast
svokölluðum stuðnings- eða
flugsockkum.

Ein ástæða bjúgs er takmarkað
blóðstreymi til fóta. Bjúgur og
óþægindi í fótum fylgja þannig
oft löngum kyrrsetum, eins og
þegar setið er allan daginn í vinnu,
flugvélum eða öðrum farartækj-
um eða þegar staðið er lengi í
einu. Einnig getur þröngur fatn-
aður, mikil saltneysla, blæðingar
og æðarhnútar orsakað bjúg.

„Á meðan við sitjum eða stönd-
um eru vöðvarnir ekkert að
vinna,“ útskýrir Júlíus R. Arin-
bjarnarson, annar eigandi skó-
verslunarinnar Iljaskinns, sem
selur stuðningssokka sem geta
komið í veg fyrir óþægindi af
þessu tagi. „Sokkarnar gera það
fyrir okkur með því að þrýsta á
vöðvana,“ útskýrir hann, en sokk-
arnir eru teygjanlegir og þrýsta á
vöðvana, sem þrýsta svo aftur á
bláæðarnar.

Stuðningurinn er mestur í
kringum ökkjana, að sögn Júlíus-
ar, en minni yfir kálfana. Sokk-
arnir þrýsta blóðinu úr fótunum
og aftur til hjartans. Þeir hjálpa
þannig til við að hindra bjúg-
myndun og önnur óþægindi. Notk-
un þeirra dregur einnig úr hættu
á blóðtappa í fótum.

Ýmsar tegundir eru til af



Bjúgur myndast þegar bláæðar halda ekki sama rennslishraða og slagæðar svo að
blóðrennsli að líkamshluta er meira en blóðflæði frá honum, eins og frá er greint
á heilsa.is. Hann fylgir því löngum kyrrsetum til dæmis eins og að vera um borð í
flugvél.


NORDICPHOTOS/GETTY

Þessum sokkum. Hægt er að fá
ökkla- og hnéháa sokka, sokka
sem ná alveg upp í nára og sokka-
buxur gæddar sama eiginleika.
Vörurnar fást í mismunandi litum
og þykkt og líta út eins og hefð-
bundnir sokkar.

Iljaskinn selur Gilofa-stuðn-
ingssokka bæði fyrir dömur,
herra og íþróttaiðkendur. Lyfja
selur aftur á móti svokallaða
flugsockka sem henta vel á löng-
um flugferðum.

- kka

Mæðrafími®



ágúst tilboð
er 7.900 kr
fyrir 4 vikur
3x í viku!

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni okkar:

WWW.HREYFILAND.IS

Skráning er hafin í síma 577 2555 og í gegnum netfang:
mottaka@hreyfiland.is

HREYFI LAND®

Munið merkin og nöfnin og
varist eftirlíkingar!



ULTRATONE
Faxafeni 12
sími 588-1166

www.ultra.is

Frír prufutími
í líkamsmeðferð

Áhrifarík meðferð
megrun - styrking - líkamspjálfun

Ég hef þurft að glíma við aukakíló í nokkur ár. Hef prófað ýmsa kúra
og ekkert gengið. Það er ekki fyrr en ég kynnist Ultratone að
sentímetrar og kíló fjúka af. Komin úr stærð sextán í stærð tólf í
buxum og úr átján í fjórtán í bolum. Og svo er ég komin með mitti
sem eg vissi ekki af. Er líka ánægðari með sjálfa mig. Staffið er
æðislegt og umhverfið þægilegt. Búin að vera í Ultratone í fimm
vikur og mæli með þessu.
- Rósa Sigurðardóttir

Loksins eitthvað vem virkar! Á þessum mánuði, sem ég er
búin að vera í Ultratone hef ég misst sex kíló og mittismálið
minnkað um ellefu sentímetra. Maginn, sem var togaður og
teygður eftir fimm meðgöngur er loksins stinnari (og ekki bara
skvap). Ég hlakka alltaf til að mæta, þjónustan er frábær og svo líður
mér svo vel, líkamlega og andlega eftir hvern tíma. Bara frábært í alla staði.
- Margrét Sigurpálsdóttir

Komdu niðri Faxafen og fáðu ráðleggingar frá stelpunum í Ultratone



Hringdu í síma

512 50 60
ef blaðið berst ekki



ÍTK býður upp á fjögur sumarnámskeið fyrir börn. Leikja- og reiðnámskeið fyrir sex til níu ára, sköpunarnámskeið fyrir tíu til tólf ára, smíðanámskeið fyrir tíu til tólf ára og tómstundanámskeið fyrir tíu til fimmtán ára börn með sérþarfir.



Frásagnir Hjalmaris í síðustu lygasögugöngu vöktu kæti og hlátur meðal þeirra sem á hlýddu.

MYND/BERGLIND ÓLAFSDÓTTIR

Lygasögur í Viðey

Nýstárleg og óhefðbundin leiðsögn verður viðhöfð í göngu sem farin verður um Viðey í kvöld.

Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, verk-efnastjóri Viðeyjar, og vinur hennar Hjalmar Hjalmarsson, leikari og fjölmiðlamaður, munu leiða gesti um Viðey í kvöld og segja frá alveg nýjum uppgötvunum sem gerðar hafa verið í sögu eyjarinnar.

Gangan verður í anda lygasögu-göngunnar sem farin var á Viðeyjarhátíð fyrir skemmstu og sló ræki-lega í gegn. Hjalmar leiddi þá göngu líka og var að sögn afar

þakklátur fyrir að fá að leiðrétta mikinn og sagnfræðilegan mis-skilning sem orðið hefur til um Viðey. Frásagnir hans vöktu gríðar-lega kátínu meðal þeirra sem á hlýddu og vegna fjölda áskorana verður gangan því endurtekin í kvöld. Sigt er frá Skarfabakka klukkan 19.15 og er miðað við að ferðin taki um eina og hálfa til tvær klukkustundir. Gjald í ferjuna er 800 krónur fyrir fullorðna, 400 fyrir sex til átján ára og frítt fyrir yngri börn.

Þátttaka í göngunni er ókeypis og öllum heimil og fá allir gestir gef-ins Kristal frá Ölgerðinni.

gun@frettabladid.is

Sótt í sólina

Næstu tvær vikur ætla valin Edduhótel að bjóða upp á sumarafslátt á gistingu.

Eitt Edduhótel í hverjum lands-hluta ætla að bjóða fimmtán til þrjátíu prósentu afslátt af gistingu nokkra daga vikunnar fram til 6. ágúst næstkomandi.

Edduhóтелиð Laugarbakki fyrir norðan, sem stendur skammt ofan við Miðfjarðará, er eitt þeirra. Margar skemmtilegar og áhuga-verðar dagsferðir eru í nágrenni þess. Fyrir sunnan býður Eddu-hóтелиð við Laugarvatn þennan afslátt en þar eru möguleikar á fjölbreyttri útiveru. Fyrir austan veitir Edduhóтелиð Eiðar afslátt en margar náttúruperlur eru stutt frá því og fyrir vestan veitir Eddu-hóтелиð Laugar í Sælingsdal afslátt, þar sem mikið er um sögulegar slóðir.

Nú er um að gera að finna hvar sólín er, bóka herbergi og stefna á sólríkustu svæði landsins næstu tvær vikurnar. Nánari upplýsingar á www.hoteledda.is.

- kka



Edduhóтелиð við Laugarvatn býður upp á afslátt af gistingu, en þar eru ýmsir möguleikar á útiveru.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Flott í sumar... stinnari líkami á aðeins 4 vikum



allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is

SLENDERTONE™

System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 24.900,-



Slökunarstólar

í miklu úrvali

Vandaður slökunarstóll með skemli og sterku áklæði eða leðri - Margir litir



Tilboðsverð m/ákl.

kr. 49.900.-

Tilboðsverð m/leðri

kr. 69.900.-

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16

www.valhusgogn.is



GRINDAVÍK



AF STAÐ á Reykjanesið

Menningar- og sögutengd gönguhátíð á Grindavík um verslunarmannahelgina

Föstudagur 1. ágúst:

Mæting kl. 20 við Saltfisksetrið, Hafnargötu 12a. Gengið verður með leiðsögn um Járngerðarstaðahverfi, gamla bæjarhlutann í Grindavík í 1-2 tíma. Fróðleikur í Flagghúsinu í lok göngu.

Gangan er í boði Grindavíkurbæjar og Saltfisksetursins.



Laugardagur 2. ágúst:

Mæting kl. 11 við Ísólfskála, sem er í um 6 km austur af Grindavík, á Krýsuvíkurlíði. Gengið verður með leiðsögn um Selatanga þar sem sjá má minjar um verbúðir og sjósókn fyrri tíða. Síðan verður gengið eftir rekastíg um Katlahraunið sem er líkt og „Dimmuborgir“ með sínum kyngimögnum hraunmyndunum. Gangan endar við Ísólfskála og tekur um 2-3 tíma.

Gott er að vera í góðum skóm. Aðstaða er til að grilla á Ísólfskála í lok göngu. Gangan er í boði Grindavíkurbæjar og Saltfisksetursins.

Sunnudagur 3. ágúst:

Mæting kl. 11 við Saltfisksetrið. Ekið með rútu að Móklettum á Krýsuvíkurlíði. Gengið verður með leiðsögn um gömlu þjóðleiðirnar, Sandakraveg og Skógfellaveg og endað við Saltfisksetrið í Grindavík. Svæðið býður upp á stórbrotna náttúru, jarðfræði og sögu. Gangan tekur um 5-6 tíma. Gott er að hafa með sér nesti og vera í góðum skóm. Í lok göngu verður boðið upp á heilgrillað lamb á teini í Saltfisksetrinu.

Verð kr. 1.200. Gangan er í boði Ferðamálasamtaka Suðurnesja.

Mánudagur 4. ágúst:

Mæting kl. 11 við bílastæði Bláa Lónsins - Gengið með leiðsögn um hluta af gömlum þjóðleiðum, Skipsstíg og Árnastíg að Húsatóftum. Gangan tekur um 3-4 tíma. Svæðið býður upp á stórbrotna náttúru, jarðfræði og sögu. Gott er að hafa með sér nesti og vera í góðum skóm. Rútuferð til baka. Gangan er í boði Bláa Lónsins sem auk þess býður upp á aðgangseyri, 2 fyrir 1 í lónið í lok göngu. Leiðsögumenn í ferðum: Ómar Smári Ármannsson og Sigrún Jónsd. Franklín

Ekkert þátttökugjald er í gönguferðir en rútugjald er kr. 500, frítt fyrir börn 12 ára og yngri. Allir á eigin ábyrgð í ferðum.

Gönguhátíðin er liður í viðburða- og menningardagskrá Grindavíkur 2008. Styrktar- og umsjónaraðilar: Grindavíkurbær, Saltfisksetrið, Bláa Lónið, Ferðamálasamtök Suðurnesja, Eldfjallaferðir, FERLIR og sjf menningarmiðlun.

Upplýsingar um tjaldsvæði Grindavíkur, gistingu, veitingar og aðra þjónustu eru á www.grindavik.is eða í Saltfisksetrinu s. 420 1190. Nánari upplýsingar um ferðir eru á www.sjfmenningarmidlun.is eða í gsm 691 8828 Sigrún Jónsd. Franklín, sjf@internet.is

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA

8-17

BÍLAR & FARARTÆKI



Verslunarmannahelgjar Tilboð Suzuki Jimmy JLX árg 2003 ek 88 þús km fallegur bíll í toppstandi sk. 09 v: 790 þús 100% lán mögulegt uppl. 580-58900 / 699-5801 / 699-6661 www.bilalind.is RN.162471



VerslunarmannahelgarTilboð Aðeins 200 út Toyota LC 120 GX 6/2004 Dráttarbeiði dökkar rúður Álfelgur sk 09 ásett verð 3990.000 Áhv 3550.000.- Uppl í s 580-8900. 699-5801.699-6661 www.bilalind.is raðnr.191572



MMC PAJERO GLS DID 2/2002 sjálf-skiptur, leður, toppluga, dráttarbeiði og fl. v: 2990 þús uppl. 580-8900 / 699-5801 / 699-6661 www.bilalind.is RN.103061



TOYOTA LC 80 46" 1996 EKKINN 84.000 Frá upphafi 24 ventla 4.2TDI Læstur framan og aftan Milligir Hlutföll 4:88 Dana 60 Framhásing með Toyota Nötum allt nýtt í framhásingu Spil kastarar leitarljós geymslukassar Splunku NY 46"Dekk á Bedlock Felgum Einnig NY 47"Nelgd og Microskóinn. Skoða öll skipti verð samkomulag uppl í s 661-8000 eða aa@internet.is



RANGE ROVER SUPERCHARGED 10/2005 Bill með öllu Ekkinn 26 Innfluttur af B OG L uppl í s 580-8900 eða 661-8000 Raðnr 191571 Ath öll skipti



Toyota Avenis Sol 2,0 Sjálfskiptur ek. 155 þús nýskoðaður tilboðsverð 590 þús 100% lán mögulegt Visa / Euro uppl. 580-8900 / 699-5801 / 699-6661 www.bilalind.is

Bílalind
Vagnhöfði 9, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900
www.bilalind.is



66þ.km!!! VW TRANSPORTER. Árgerð 1999, ekkinn aðeins 66 þ.km, bensín, ný tímareim og ný dekk. Verð 970þ. Spes eintak! Til sölu og sýnis hjá Bílalíf Kletthálsi 2, S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalíf.is.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opið virka daga 10-18 laug.
12-16.
www.bilalíf.is



VW Beetle Bjalla 2,5 Cabriolet

2006 árgerð . Ekkinn 30þkm . Blæja - ABS hemlar - Álfelgur - Geislaspilari - Hraðastillir - Höfuðpúðar aftan - Innspýting - Leðuráklæði - Líknarbelgir - Loftkæling - Rafdrifin sæti - Rafdrifnir speglar - Útvarp - Vökvastýri- 2.5 vél 150 hestöfl, 5 gíra . Æðislega sætur ! Verð 3.390þ.



Jeep Grand Cherokee SRT8 6.1 L 420 Hestöfl

Ekkinn aðeins 3.900km , nýskrúður 11. 2007. Magnað tryllitæki á frábæru verði ! ABS hemlar - Aksturstölva - Armpúði - Fjarlægðarskynjarar - Fjarstýrðar samlæsingar - Geisladiskamagasin - Geislaspilari - Glertoppluga - Hiti í sætum - Hraðastillir - Höfuðpúðar aftan - Innspýting - Kastarar - Leðuráklæði - Litað gler - Líknarbelgir - Loftkæling - Minni í sætum - Rafdrifin sæti - Rafdrifnar rúður - Rafdrifnir speglar - Spólvörn - Stöðugleikakerfi - Útvarp - Veltistýri - Vökvastýri - Þjófavörn - 20" álfelgur . Fleiri myndir á www.sparibill.is Verð aðeins kr : 5.490þ

Sparibill ehf
Fiskislóð 16, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið



Dodge Charger R/T, árg. 2006, ek.61þús.km, Sjálfsk. Geislaspilari, Leður, Hraðastillir, Rafmagn og fl. Verð 3290þús.kr. Möguleiki á 100% Láni!!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu



islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000

Nýliðarnir í Fjölni komu mörgum á óvart með því að leggja KR að velli 2-1 í Grafarvoginum í 2. umferð Landsbankadeildar karla fyrr í sumar. Liðin mætast á nýjan leik í kvöld kl. 20.00 í lokaleik 13. umferðar og fer leikurinn fram á KR-vellinum í Frostaskjóli. Reynsluboltinn Ágúst Gylfason, miðjumaður Fjölnis, hefur leikið frábærlega með Fjölni í sumar en hann var áður í herbúðum KR-inga. Bjarni Guðjónsson er í leikmannahópi KR og byrjar væntanlega á bekknum en gæti komið inn á. Logi Ólafsson, þjálfari KR, er ánægður að fá Bjarna í hópinn. „Hann leit vel út á æfingunni,” sagði Logi sem er á því að Bjarni sé bestur á miðjunni. „Ég tek það en hann getur brugðið sér í allra kvikynnda líki inni á vellinum.”

sport
sport@frettabladid.is



BJARNI GUÐJÓNSSON: VALDI KR FRAM YFIR VAL SEM SAKA HANN UM OF HÁAR LAUNAKRÖFUR

Kominn í nýja hverfisliðið úr uppeldisbænum

Bjarni Guðjónsson skrifaði undir fjögurra og hálfis árs samning við KR seint á sunnudagskvöldið. „Það er ekki gengið frá svona stórum samningum á mánuðögum á Akranesi eftir gamalli sjómannahjátrú. Þetta hefði þurft að biða þar til síðar í vikunni og KR vildi hafa mig til taks fyrir leikinn gegn Fjölni,” sagði Bjarni.

KR og Valur börðust um Bjarna og sáu Valsarar ástæðu til að senda frá sér yfirlýsingu í gær þar sem þeir sögðust ekki hafa treyst sér í launa-kröfur Bjarna. „Viðræðurnar fóru nokkuð langt og laun voru rædd en ég bað aldrei um nein ákveðin laun hjá Val, ekki frekar en hjá KR eða annarsstaðar,” sagði Bjarni.

Valsarar sögðust í gærkvöldi standa við yfirlýsinguna. Bjarni fær um 400 þúsund krónur í laun samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Kaupverðið ku nema um fjórum milljónum.

Bjarni mætti á sína fyrstu æfingu með KR í gær og var búinn að borða kvöldmat með fjölskyldu sinni skömmu



eftir hana. „Þetta er rosalegur munur,” sagði Bjarni glaðbeittur en hann á heima stutt frá KR-vellinum.

Hann stundar auk þess nám við Háskóla Reykjavíkur og þarf því ekki að ferðast upp á heimabæinn Akranes á æfingar lengur.

„Það er ákveðin tilhökkun yfir því að vera kominn í KR. Væntingarnar eru miklar líkt og metnaðurinn. Ég er fyrst og fremst í þessu til að ná árangri og ég held að ég geti það með KR,” sagði Bjarni sem verður í leikmannahópi KR í kvöld í leiknum gegn Fjölni.

Hann viðurkennir að síðasta vika hafi reynst honum erfið. „Erfiðast var líklega þegar mér var orðið ljóst að ég væri að fara af Akranesi. Ýmsar tilfinningar spruttu fram en ég ræddi við mitt fólk og ég er sannfærður um að þetta sé rétt ákvörðun, ég sé alls ekki eftir henni.”

Bjarni kveður Skagann sáttur. „Ég er í fullri sátt við tvíburana, stjórnina og leikmenn. Ég hef trú á því að tvíburarnir nái að snúa genginu við og óska þeim alls hins besta.”

Ingvar Örn Ákason, Byssan, er einn af helstu stuðningsmönnum KR er mjög ánægður með komu Bjarna og hann yrði boðinn velkominn í kvöld með lag sem sungið var fyrir hann í búningi ÍA, „Bjarni fairplay, Bjarni Bjarni fairplay.”

	3-3	
Fylkir		Keflavík
Fylkisvöllur, áhorf.: 877		Jóhannes Valgeirsson (7)

0-1 Guðmundur Steinarsson (1.), 1-1 Ian Jeffs (35.), 1-2 Guðm. Stein. (42.), 1-3 Hörður Sveinsson (58.), 2-3 og 3-3 Kjartan Á. Breiðdal (73. og 86.).

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	19-15 (8-9)
Varin skot	Fjalar 6 – Ómar 5
Horn	6-7
Aukaspjrnur fengnar	13-17
Rangstöður	2-3

FYLKIR 4-5-1	KEFLAVÍK 4-3-3
Fjalar Þorgeirsson 6	Ómar Jóhannsson 6
Andrés Jóhannesson 5	Guðjón A. Antoníuss. 6
(87. Peter Gravesen -)	Kenneth Gustafsson 5
Kristján Valdimars. 5	Hallgrímur Jónasson 7
Ólafur Stígsson 6	Nicolai Jørgensen 5
Þórir Hannesson 6	Hörður Sveinsson 7
Halldór Hilmisson 6	Jóhann B. Guðmunds. 6
Valur F. Gíslason 7	(57. Hans Mathiesen -) 5
Ian Jeffs 7	Hólmar Örn Rúnarss. 7
Allan Dyring 7	Simun Samuelssen 6
*Kjartan Breiðdal 8	Magnús Þorsteinsson 7
Haukur I. Guðnason 6	(67. Petrik Redo -)
	Guðmundur Steinars. 8
	(76. Högni Helgason -)

Staðan í deildinni:

FH	13	9	1	3	31-14	28
Keflavík	13	8	3	2	29-19	27
Valur	13	7	2	4	24-18	23
Breiðablik	13	6	4	3	27-19	22
Fram	13	7	0	6	15-11	21
Fjölnir	12	7	0	5	22-14	21
KR	12	6	0	6	20-15	18
Grindavík	13	5	2	6	20-25	17
Þróttur	13	4	5	4	21-25	17
Fylkir	13	4	1	8	15-25	13
ÍA	13	1	4	9	13-33	7
HK	13	1	2	10	12-34	5

FÓTBOLTI Það vantaði ekki dramatíkuna í hröðum og skemmtilegum rigningarleik Fylkis og Keflavíkur í gærkvöld þegar liðin skildu jöfn í Landsbankadeildinni.

Það er óhætt að segja að leikurinn hafi farið fjörlega af stað á Fylkisvelli þar sem fyrsta markið leit dagsins ljós eftir aðeins 24 sekúndur. Keflvíkingar sóttu og Hörður Sveinsson skallaði boltann fyrir Guðmund Steinarsson sem átti fast skot niðri í hægri hornið, óverjandi fyrir Fjalar Þorgeirsson í marki Fylkis.

Sannarlega slæm byrjun Fylkis-manna sem virkuðu þungir og slegirnir út af laginu á upphafsmínútunum á meðan hröð sóknarlína Keflavíkur naut þess greinilega að spila á blautum vellinum.

Fylkismenn náðu þó að vinna sig ágætlega inn í leikinn um miðbik fyrri hálfleiks og voru farnir að ná ágætis tókum á miðjunni. Sókn þeirra bar árangur þegar Dyring og Ian Jeffs átti gott samspil sem endaði með því að Jeffs jafnaði leikinn með skoti af stuttu færi.

Flest benti til þess að liðin færu inn í leikhlé með sitt markið hvort þegar Fylkismenn gerðu sig seka um að sofna illilega á verðinum. Hólmar Örn Rúnarsson átti þá sendingu á kollinn á Guðmundi

BARÁTTA Guðjón Árni nær hér til bolts á undan Allani Dyring í einu af fjölmörgum návigjum í leiknum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



sem skoraði sitt annað mark með góðum skalla á fjærstöng. Staðan því 1-2 í hálfleik.

Fylkismenn réðu ferðinni í upphafi síðari hálfleiks en það voru sem fyrr slæm varnarmistök sem urðu þeim að falli og Keflvíkingar kunna að nýta sér það. Jeffs missti boltann á eigin vallarhelmingi og Hörður fékk boltann og skaut föstu skoti sem Fjalar varði en

boltinn lak inn í hliðarneytið og staðan orðin 1-3.

Keflvíkingar færðu sig aftur á völlinn í kjölfarið og reyndu að verja fenginn hlut en hagar Fylkis-manna vænkaðist þegar Brynjar Guðmundsson fékk að líta rautt spjald fyrir brot á Dyring. Kjartan Ágúst Breiðdal skoraði beint úr aukaspjrnunni í kjölfarið og leikurinn allt í einu orðinn galopin á ný.

Fylkismenn náðu svo að nýta sér liðsmuninn á 86. mínútu þegar Kjartan bætti við sínu öðru marki með skoti af stuttu færi eftir klafs í vítateig Keflvíkinga.

Fylkismenn reyndu hvað þeir gátu til þess að taka öll stigin á lokamínútunum en það gekk ekki upp og lokatölur urðu 3-3.

Ólafur Stígsson, fyrirliði Fylkis, var stoltur af Árbæjarliðinu. „Ég er mjög sáttur með liðið að hafa ekki gefist upp í stöðunni 1-3 á móti jafn sterku liði og Keflavík og við vorum í raun nálægt því að taka öll stigin. Við gerðum okkur seka um tvö herfileg varnarmistök en unnum okkur vel til baka og sýndum að við getum spilað góðan fótbolta,” sagði Ólafur.

Guðmundur Steinarsson, fyrirliði Keflavíkur, var vitanlega ekki jafn kátur í leikslok. „Það á að vera meira en nóð að komast tvisvar sinnum yfir en það dugði ekki að þessu sinni og við erum verulega svektir. Ef við getum tekið eitthvað jákvætt út úr leiknum þá er það kannski sú staðreynd að við erum að taka stig í Árbænum í fyrsta sinn í langan tíma. Við vorum ekki að spila alveg á pari í þessum leik en það er enginn heimsendur og deildin verður áfram spennandi og það er nóð eftir,” sagði Guðmundur.

Klæddu þig vel

Opnunartími:

Mán - Fim 28. – 31. júlí: 9:00-18:00

Föstudagur 1. ágúst: 9:00-16:00

	2-2	
Þróttur		Breiðablik
Valbjarnarvöllur, áhörf.: Óúppg.  Magnús Þórisson (8)		
1-0 Jesper Sneholm (5.)		
1-1 Arnór Sveinn Aðalsteinsson (18.)		
2-1 Andrés Vilhjálmsson (30.)		
2-2 Arnar Grétarsson (45.+1)		
TÖLFRAÐIN		
Skot (á mark)	8-10 (4-5)	
Varin skot	Bjarki 3	Casper 2
Horn	10-3	
Aukaspyrnur fengnar	13-12	
Rangstöður	0-0	
ÞRÓTTUR 4-5-1		
Bjarki F. Guðmunds. 6	Casper Jacobsen 6	
Jóni Ragnar Jónsson 6	Arnór Sveinn Aðalst. 6	
Pórður S. Hreiðarss. 7	(23. Árni Kr. Gunn. 6)	
Michael Jackson 6	Finnur L. Margeirsson 7	
Kristján Björnsson 5	Srdjan Gasic 7	
Rafn Andri Haraldss. 4	Kristinn Jónsson 6	
Dennis Danry 6	Enad Petrovic 5	
Hallur Hallsson 6	Arnar Grétarsson 7	
Andrés Vilhjálmsson 6	(66. Magnús P. Gunn. 5)	
(64. Magnús Lúdv. 3)	Guðmundur Kristján. 7	
* Sigmundur Kris. 7	Nenad Zivanovic 4	
Jesper Sneholm 7	Jóhann Berg Guðm. 4	
	Marel Baldvinsson 4	
	(77. Prince Rajcomar -)	
	*Maður leiksins	

	0-2	
HK		Fram
Kópavogsvöllur, áhörf.: 677  Valgeir Valgeirsson (7)		
<i>0-1 Ívar Björnsson (11.)</i>		
<i>0-2 Paul McShane (90.+1)</i>		
TÖLFRÆÐING		
Skot (á mark)	12-13 (5-8)	
Varin skot	Gunnleifur 6 – Hannes 5	
Horn	9-6	
Aukaspurnur fengnar	12-10	
Rangstöður	0-4	
HK 4-5-1	FRAM 4-3-3	
Gunnleifur Gunnleifs. 7	Hannes Þ. Halldórsson 8	
Stefán Eggertsson 6	Jón Orri Ólafsson 6	
Damir Muminovic 4	*Auðun Helgason 8	
Einibogi Llorens 6	Reynir Leósson 8	
Hörður Árnason 5	Sam Tillen 6	
Mitja Brulc 5	Hallór H. Jónsson 7	
(46. Hörður Magnús. 6)	Paul McShane 8	
Finnur Ólafsson 6	Heiðar G. Júlíusson 7	
Goran Brajkovic 6	(68. Ingvar Ólason 7)	
(84. Ólafur Jónsson 6)	Ívar Björnsson 6	
Rúnar Sigurðsson 7	(68. Almarr Örmarrsson 6)	
Aaron Palomares 5	Joseph Tillen 7	
(58. Hörður M. Mag. 6)	(78. Viðar Guðjónsson 7)	
Sinisa Kecic 6	Hjálmar Þórarinnsson 6	
<i>*Maður leiksins</i>		

Próttur og Breiðablik buðu upp á 45 mínútna veislu og létu það gott heita:

Þróttur varði gott stig í Laugardalnum

FÓTBOLTI Þróttur og Breiðablik gerðu jafntefli, 2-2, á Valbjarnarvelli í gærkvöld í leik ólíkra hálfleika. Öll mörkin litu dagsins ljós í fjórugum fyrri hálfleik en síðari hálfleikur var auðgleymanlegur.

Fyrri hálfleikur var aðeins fimm mínúta gamall þegar Jesper Sneholm skoraði fyrsta mark leiksins fyrir Þrótt eftir frábæra fyrirgjöf Sigmundar Kristjánssonar. Þróttarar byrjuðu leikinn af miklum krafti en Blikar unnu sig hægt og rólega inn í leikinn og jöfnuðu verðskuldað á 18. mínútu. Þar var Arnór Sveinn Aðalsteinsson að verki eftir góða sendingu Arnars Grétarssonar en Arnór lenti í samstöð við Bjarka Guðmundsson markvörð Þróttar



KJÁLKABROTINN? Arnór lendir í samstuði við Bjarka og meiðist illa.

FYRIR BOLTANN Tveir Þróttarar renna sér fyrir skot Jóhanns Bergs.



um leið og hann skoraði og varð að yfirgefa völlinn með heilahristing.

Fyrri hálfleikur var mikil skemmtun og litu tvö mörk til við-bótardagsins ljós áður en Magnús Þórisson flautaði til leikhles. Andrés Vilhjálmsson kom Þrótti yfir á 30. mínútu eftir hornspyrnu Sigumandar Kristjánssonar. Arnar Grétarsson jafnaði metin á ný fyrir Blika með marki úr vítaspyrnu sem reyndist síðasta spyrna hálfleiksins.

ist í síðari hálfleik. Þróttarar virtust koma til síðari hálfleiks til að verja stigið. Blikar reyndu hvað þeir gátu að finna gót á öflugri vörn heimamanna en án árangurs. Sigmundur Kristjánsson sem lagði upp bæði mörk. Þróttar sagði líð sitt ekki hafa komið til leiks í síðari hálfleik til að verja stigið. „Nei, við gerðum það ekki. Við ætluðum að sækja á þá og vera á fullum krafti alla vega til að byrja með og skora mark. Ósjálfrátt bökkum við kannski.“

Sigmundur var allt annað en ánægður með þann leik sem liðin leiktu. Það var þessu upp á í síðari hálfleik. „Við höfum getað samið um jafntefli í þessum hálfleik. Það var ekkert að gerast í seinni hálfleik. Góður leikur í fyrri hálfleik en ekki neitt í síðari hálfleik. Við förum inn í leikinn til að sækja á þá. Við ætlumum ekki að tapa enn einum heimalaiknum.“ Maður hefði viljað fá þrjú stig en úr því sem komið var er maður ánægður með stigið,“ sagði Sigmundur Kristjánsson í leiklok.

-gmi

Brakfarir HK-inga halda áfram en þeir töpuðu fyrir Fram í gær:

Fram öryggið uppmálað

FÓTBOLTI „Þetta eru enn ein vonbrigðin og sama helvítis ruglið. Staðreyndin er bara sú að menn eru ekki að gefa sig 100% í leikina og meðan staðan er þannig þá töpum við bara öllu,“ sagði Gunnleifur Gunnleifsson, fyrirlíði HK, eftir að liðið tapaði 0-2 fyrir Fram í gær.

„Í seinni hálfleiknum var loftið bara úr okkur og við fengum engin færi. Þetta er bara sama ruglið. Menn eru búnir að tala um þetta fram og til baka en menn þurfa að líta í eigin barm og fara að gefa sig alla í þetta,“ sagði Gunnleifur.

Framarar unnu sinn annan leik í röð en fall-
draugurinn er hvergi sjáanlegur í Safamýri
og þeir bláu sigla lygnan sjó. Þeir byrjuðu af-
meiri krafti í Kópavoginum í gær og komust
yfir eftir ellefu mínútna leik þegar Auðun
Helgason átti frábæra sendingu fram völinn
á Paul McShane sem gerði allt rétt. Hann
sendi hnitmiðað á Ívar Björnsson sem kláraði
færið.

Fyrri hálfleikurinn var virkilega fjörlegur og bæði lið fengu fín færi til að skora fleiri

mörk. Um miðjan hálfleikinn var sókn heima-
manna ansi þung en Framarar náðu að bjarga.
Rúnar Már Sigurjónsson var sprækur í sókn-
arleik HK og skapaði usla.

Rétt fyrir leikhlé fékk Hjálmar Þórarinnsson dauðafæri til að bæta við marki en skaut fram hjá. Leikurinn datt mikið niður í seinni hálf-leik. Deyfð var yfir HK-liðinu sem skorti virkilega greddu til að jafna metin og Framar voru með tókin.

Begar 90 mínútur voru komnar á klukkuna þá náði Paul McShane að innsigla sigur Fram eftir sendingu Hjálmars Þórarinssonar. Enn eitt tap HK-inga sem færast nær 1. deildinni með hverri umferðinni sem líður.

Varnarleikur Fram í gær var öflugur og miðverðirnir tveir voru gríðarlega traustir. „Við erum komnir í ágætis stöðu og nú er bara að halda áfram að spila af öryggi. Við fengum nóg af færum í fyrri hálfleik til að skora fleiri mörk en við fengum þetta síðan launað í lokin,“ sagði Auðun Helgason.

„HK-ingar áttu fínan kafla í fyrri hálfleik



STÓRHÆTTA Hjálmar Þórarinnsson sendir hér fyrir HK-markið og skapar mikla hættu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

þar sem við gáfum þeim of mikinn tíma. En við héldum og þetta var virkilega sterkur sigur. Við erum ekki að gefa mörg færi á okkur og þurfum að byggja ofan á það og halda þessari festu.“ sagði Auðun.

- egm

Allt fyrir Verslunarmannahelgina!

66°Norður markaður á annari hæð í Faxafeni 12.



**Sjóstakkar
frá 1.500 kr.**




Sjóhattur
1.500 kr.



Óbrjótanleg flaska
1.000 kr.



Dúnsvefnpoki
12.800 kr.



NORÐUR

> Kelsey Grammer

„Fólk hefur þakkað mér fyrir þáttinn Frasier og sagt að það gleymi hversdagslegum vandamálum sínum með því að hlæja í hálf tíma yfir þættinum. Mér finnst það meiri umbun en nokkur verðlaun sem þátturinn hefur hlotið“. Grammer leikur í verðlaunabættinum Frasier sem sýndur er á Skjá einum í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR HLUSTAR Á SÍÐDEGISÚTVARPIÐ

Unglingar fræða fullorðna um ástand heims

Það er oftast vel þess virði að leggja við hlustir þegar hinn ágæti þáttur Síðdegisútlit á Rás 2 hefur upp raust sína. Þátturinn tekur oftast (ekki alltaf; enginn er fullkominn) vel og vandlega á mállefnum líðandi stundar og getur leyft sér að kafa ítarlega í umfjöllunar-efni sín vegna þess að það er svo ódýrt að framleiða útlitarpsefni, eða svo er manni sagt. Einn dagskrárliður Síðdegisútlitsins nú í sumar er sérlega lofsverður þar sem að í honum er boðið upp á ferskari sýn á samtímann en oftast er í boði. Hér er að sjálfsögðu átt við hið bráðskemmtilega innslag Pásuna, en í því fá nemendur Vinnuskólans tækifæri til þess að viðra skoðanir sínar á öllu og engu.

Unglingar eru, eins og annað fólk, mis-skemmtilegir og þannig er því að sjálfsögðu einnig farið með við-mælendur Pásunnar. Þó leynast gullmolar innan um grjótið sem gera mikið til þess að opna okkur glórulausa fullorðna fólkinu glugga inn í menningarheim sem annars er okkur að mestu



Síðdegisútlit á hrós skilið fyrir að færa okkur raddir fólks sem lifir á raunverulegum sviptingatímum.

EKKI MISSA AF



► 19.45 KR - Fjölirnir Beint
STÖÐ 2 SPORT



► 20.05 The Moment of Truth
STÖÐ 2



► 21.15 The Class STÖÐ 2 EXTRA



► 21.50 The Real Housewives of Orange County
SKJÁREINN



► 22.25 Raðmorðinginn (Messiah IV) Fyrri hluti
SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

15.35 Meistaramót FRÍ Samantekt frá Meistaramót FRÍ í frjálsum íþróttum sem fram fór á Laugardalsvelli um helgina.

16.05 Sportið (e)

16.35 Leiðarljós

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Púkka

18.00 Arthúr

18.25 Fiskur á disk í Argentínu

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.35 Kastljós

20.00 Everwood (6:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado.

20.45 Heilabrot (Hjárnstorm) (2:8) Í þessum sænsku þáttum eru teknir fyrir ýmsir þættir í hugsun og hegðun manna svo sem minni, eftirtekt, ákvarðanatöku og líkamstjáning.

21.15 19. öldin á röngunni (1800-tallett på vrangen) (2:8) Í þáttunum er fjallað um ýmsa snillinga, afreksmenn og brautryðjendur meðal Dana á 19. öldinni.

22.00 Tíufréttir

► 22.25 Raðmorðinginn 4 - Vítiskvalir (Messiah IV: The Harrowing) (1:2) Spennu-mynd í tveimur hlutum sem fjallar um rannsóknarlögreglumanninn Red Metcalfe og starfslið hans sem eru að reyna klófesta kaldrifjaðan fjöldamorðingja.

23.55 Meistaramót FRÍ (e)

00.25 Kastljós (e)

00.45 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Zhou Yu's Train

10.00 Draumalandið

12.00 Wall Street

14.05 Zhou Yu's Train

16.00 Draumalandið

18.00 Wall Street

20.05 Cool Money Bobby uppgötvar að það er leikur einn að ræna gesti á finum hótélum. Aðalhlutverk: Larry Manetti, John Cassini, James Masterson.

22.00 Inside Man

00.05 I'll Sleep When I'm Dead

02.00 Hellraiser. Inferno

04.00 Inside Man

06.05 So I Married an Axe Murderer

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Firehouse Tales, Ofurhundurinn Krypto og Kalli kanna og félagar.

08.10 Oprah

08.50 Í finu formi

09.05 Bold and the Beautiful

09.25 La Fea Más Bella

10.10 Notes From the Underbelly

10.40 Bandið hans Bubba (10:12)

12.00 Hádegisfréttir

12.30 Neighbours

12.55 The Object of Beauty

14.35 Friends

14.55 Friends

15.20 Sjáðu

15.55 Ginger segir frá

16.18 Kringlukast

16.43 Shin Chan

17.03 Justice League Unlimited

17.28 Bold and the Beautiful

17.53 Neighbours

18.18 Markaðurinn og veður

18.30 Fréttir

18.49 Íþróttir

18.56 Ísland í dag

19.04 Veður

19.15 The Simpsons (15:21)

19.40 Friends

► 20.05 The Moment of Truth (8:25) Spurningabáttur þar sem þáttakendur leggja heiðarleika sinn að veði og svara afar persónulegum spurningum rétt um sjálfa sig til þess að vinna háar peningaupphæðir. Það getur verið hægara sagt en gert þegar maður er bundinn við lygamæli.

20.50 Las Vegas (4:19) Við fylgjumst með lífi og starfi öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilaflíka, glæpahyski, fjár-glæpamenn og aðrar veikgeðja sálir.

21.35 The Kill Point (1:8)

22.20 Silent Witness (5:10)

23.10 60 minutes

23.55 Medium (16:16)

00.40 ReGenesis (7:13)

01.25 That Old Feeling

03.05 The Object of Beauty

04.45 Las Vegas (4:19)

05.30 The Simpsons (15:21)

05.55 Fréttir

SPORT

besta sætið

07.00 Landsbankadeildin 2008

Próttur - Breiðablik.

16.55 Landsbankadeildin 2008

Próttur - Breiðablik

18.45 Landsbankamörkin 2008

Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilprifin í umferðinni skoðuð.

► 19.45 Landsbankadeildin 2008

KR - Fjölnir. Bein útsending frá leik KR og Fjölnis í Landsbankadeild karla.

22.00 Íslandsmótið í golfi 2008

Útsending frá Íslandsmótnu í golfi sem fram fór í Vestmannaeyjum.

23.20 PGA Tour 2008 - Hápunktar Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

00.15 Landsbankadeildin 2008

KR - Fjölnir.

SPORT 2

17.25 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

17.55 Vodacom Challenge í Suður Afríku Útsending frá úrslitaleiknum í Vodacom Challenge í Suður Afríku þar sem Man. Utd leikur til úrslita.

19.35 PL Classic Matches Tottenham - Man. Utd., 01/02. Hápunktnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

20.05 Football Rivalries - Galatasaray v Fenerbahce Í þessum þáttum er fjallað um rígr stórlíða víða um heim innan vallar sem utan. Að þessu sinni er fjallað um rígr Galatasaray og Fenerbach og einnig kíkt til Þýskalands.

21.00 10 Bestu - Albert Guðmundsson Síðasti þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.

21.50 Premier League World 2008/09 Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

22.20 Bestu leikirnir Chelsea - Tottenham.

SKJÁREINN

07.15 Rachael Ray (e)

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Dynasty (e)

09.30 Vörutorg

10.30 Óstöðvandi tónlist

16.00 Vörutorg

17.00 Rachael Ray

17.45 Dr. Phil

18.30 Dynasty Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klæmar þegar þess þarf.

19.20 Are You Smarter than a 5th Grader? (e)

20.10 Frasier (2:24) Síðasta þáttaröðin af einni vinsælustu gamanseríu allra tíma. Útlitarpsefnið Frasier Crane er engum líkur og sérvíska hans og snobb eiga sér engin takmörk. Þættirnir voru framleiddir í 11 ár og hlutu alls 37 Emmy-verðlaun, fleiri en nokkur önnur sjónvarpsþáttaröð.

20.35 Style Her Famous (6:10) Jay Manuel kennir konum að klæða sig, mála og greiða eins og stjörnumar í Hollywood. Að þessu sinni hjálpar hann konu sem er von því að vera púkalega klædd að líta út eins og Jessica Alba.

21.00 Design Star (2:9) Bandarísk raunveruleikasæra þar sem efnilegir hönnuðir fá tækifæri til að sýna snilli sína. Þeir ellefu keppendur sem valdir voru úr þúsundum umsækjenda halda til Las Vegas þar sem þeirra biður glæsileg þakbúð til að innrétta.

► 21.50 The Real Housewives of Orange County (9:10) Raunveruleikasæra þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í ríkasta bæjarfélagi Bandaríkjanna. Jo og Slade verða að gera upp við sig hvort þau ætla að vera áfram saman, Lauri og George halda veislu og Jeana og dóttir hennar eyða óheyrilega í verslunarleiðangri.

22.40 Jay Leno

23.30 The Evidence (e)

00.20 Dynasty (e)

01.10 Vörutorg

02.10 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.35
The Kill Point

Hörkuspennandi þættir um féлага úr hernum sem ákveða eftir heimkomuna frá Írak að nýta herþekkingu sína til að fremja hið fullkomna bankarán sem er auðvitað ekki til. Þegar planið fer úrskeiðis grípa þeir til örþrifaráða og taka starfsfólk bankans og viðskiptavini í gislingu. Upphefst þá atburðarás sem heldur áhorfendum í heljargreipum allt til síðustu mínútu. Þáttunum hefur m.a. verið líkt við 24 og spennumyndina sígildu Dog Day Afternoon og hafa þeir fengið afbragðsdóma og frábærar viðtökur í Bandaríkjunum.

► VIÐ MÆLUM MED
10 bestu - Albert Guðmundsson

Stöð 2 sport 2 kl. 21.00

Hinn eini sanni Albert Guðmundsson verður í sviðsljósinu í kvöld. Í þætti kvöldsins verður ferill Alberts skoðaður og meðal annars verður rætt við Arsene Wenger, framkvæmdastjóra Arsenal, en með honum og Alberti tókust góð kynni þegar Albert lék með Mónakó. Wenger þekkir vel til hæfileika Alberts og verður gaman að heyra hvað Frakkinn hefur að segja um þennan magnaða knattspyrnumann.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin

06.50 Bæn

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.30 Fréttayfirlit

09.05 Okkar á milli

09.45 Morgunleikfimi

10.13 Dalakofinn

11.03 Samfélagið í nærmynd

12.00 Fréttayfirlit

12.02 Hádegisútvarp

12.20 Hádegisfréttir

12.50 Dánarfregnir og auglýsingar

13.00 Vasaleikhúsið heimsækir Útvarpsleikhúsið

13.15 Á sumarmegi

14.03 Tónlistargrúsk

15.03 Útvarpssagan: Barnið og tíminn

15.30 Dr. RÚV

16.00 Síðdegisfréttir

16.13 Flækingur

17.03 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir

18.25 Spegillinn

19.00 Á sumarmegi

19.40 Tónlist úr þularstofu

20.00 Leynifélagið

20.30 Sumarást

21.10 Listin og landafræðin

22.12 Orð kvöldsins

22.15 Kvöldsagan: Mín liljan fríð

22.45 Dragspilið dunar

23.30 Saga til næsta bæjar

00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin

FM 99,4 Útvarp Saga

FM 98,9 Bylgjan

FM 95,7 FM957 / Topp

tónlistarstöðin

FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp

FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni

FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying

FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni

FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni

FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks

Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.30 Hollyoaks

17.00 Seinfeld (5:13)

17.30 Ally McBeal (6:23)

18.15 The Class (17:19)

18.35 The War at Home

19.00 Hollyoaks

19.30 Hollyoaks

20.00 Seinfeld (5:13)

Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

20.30 Ally McBeal (6:23)

Þættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar, en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin.

►21.15 The Class (17:19)

Nýr gamanþáttur úr smíðju þeirra sem framleiddu Friends og Mad About You. Við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í 20 ár. Með aðalhlutverk fer hjartaknúsarinn Jason Ritter.

21.35 The War at Home

Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldramir ekki hlutina með sömu augum og unglingarnir.

22.00 So you Think you Can Dance

23.20 So you Think you Can Dance

00.05 Missing (12:19)

00.50 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Mér finnst...

Umsjón: Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen. Gestir: Elly Ármanns, Björk Jakobs og Helga Guðrún Jónsdóttir.

21.00 Nútímafólk

Umsjón: Randver Þorláksson. Gestur: Guðbjörg Edda Björgvinsdóttir leikkona.

21.30 Í nærveru sálar

Umsjón: Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

11.00 Et deiligt hundeliv

11.30 Kender du typen

12.00 Det lille hus på prærien

12.50 Nyheder på tegnsprog

13.05 Flight 29 savnes!

13.30 SommerSummerum

13.35 Krampe-tvillingene

14.00 SommerSummerum

15.05 Monster allergi

15.30 Lille Nørd

16.00 Se det sommer

16.30 TV Avisen med Sport

17.00 SommerVejret

17.05 Hercule Poirot

18.00 Hokus Krokus

18.30 Smag på Danmark - med Meyer

19.00 TV Avisen

19.25 SportNyt

19.30 Sommerevejret på DR1

19.40 Et godt mord

20.50 Mistænkt 5: Svækket dømmekraft

22.30 Seinfeld

NKI

9.55 Country jukeboks

10.55 Du skal høre mye jukeboks

12.00 Vitenskap jukeboks

13.15 Norsk på norsk jukeboks

14.10 Den sommeren jeg fylte 15

15.50 Oddasat - nyheter på samisk

15.55 Nyheter på tegnspråk

16.00 Postmann Pat

16.15 Eddy og bjørnen

16.25 Wassi, gutten fra Etiopia

16.40 Distriktsnyheter

17.00 Dagsrevyen

17.30 Grønn glede

17.55 Jordmødrene

18.25 Litt som deg

18.55 Distriktsnyheter

19.00 Dagsrevyen 21

19.30 Krigen

20.20 Extra-trekning

20.35 I kveld

21.00 Kveldsnytt

21.15 Dr. Strangelove

22.45 Clement intervjuer Fareed Zakaria

23.15 Autofil jukeboks

1 SVT 1

10.00 Rapport

10.05 Strömsö

10.35 Splens mat

11.05 Så länge skutan kan gå

12.10 Adalen 31

14.00 Rapport

14.05 Gomorron Sverige

15.05 På luffen i Norden

15.30 Bergen - Kirkenes t/r

16.00 Lilla blåa draken

16.10 Evas sommar-plåster

16.20 Meg och Mog

16.30 Hej hej sommar

16.31 Philox

16.50 Det femte väderstreck

17.00 Unge greve Dracula

17.30 Rapport med A-ekonomi

18.00 Allsång på Skansen

19.00 Morden i Midsomer

20.35 Hollywoodredaktionen

21.00 Rapport

21.10 Berlinerpopplarna

22.00 Kingkastingörkestret möter Albrigtsen och Hoel

23.00 Sändningar från SVT24

skemmtilegri

KYNNTU ÞÉR VETRARDAGSKRÁ STÖÐVAR 2 Á STOD2.IS

LATI BÆR™

LATIBÆR

NÝ ÞÁTTARÖÐ AF VINSÆLASTA ÍSLENSKA BARNAEFNI

FYRR OG SÍÐAR HEFST Í ÁGÚST

GLITNIR

BESTI BITINN Í BÆNUM



„Ég fer oftast á grænmetisstaði, og þá mæli ég sérstaklega með Garðinum. Maturinn á Vegamótum stendur líka alltaf fyrir sínu en ég fer til Austur-Índíafélagsins þegar mikið stendur til, enda sérlega hrifin af indverskum mat.“

Bryndís Nielsen, ráðgjafi í almannatengslum.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. bak, 6. bardagi, 8. þurrkað gras, 9. ból, 11. frú, 12. eiturlyf, 14. húrra, 16. golfáhald, 17. heldur brott, 18. utan, 20. hljóta, 21. einn milljarðasti.

LÓÐRÉTT

1. gauragangur, 3. skammstöfun, 4. pest, 5. inngangur, 7. hverfill, 10. meiðsli, 13. kóf, 15. rænuleysi, 16. málmur, 19. ónefndur.

LAUSN

Óröð, 16. tinn, 19. nn.
5. dyr, 7. túrbína, 10. mar, 13. kaf, 15. LÓÐRÉTT: 1. hark, 3. eh, 4. nefkvef, fer, 18. inn, 20. fä, 21. nanö.
LÁRÉTT: 2. lend, 6. et, 8. hey, 9. tinn, 11. fr, 12. krakk, 14. bravö, 16. tí, 17.

Fasteignablaðið

Sími:

512
5469
694
4103



Ruth Bergs
ruth@365.is

Jón Gnarr með einkaþjálfara í Laugum

„Ég er nú aðallega að þessu til að fá ekki B-in þrjú, það er að segja bumbu, bakverk og brjóst“, segir Jón Gnarr sem nú tekur á í World Class Laugum með hvetjandi einkaþjálfara sér við hlið. „Það eru sem sagt hversdagslegar og heimilislegar ástæður fyrir þessu, það er nú ekki svo gott að ég sé að massa mig upp fyrir eitthvert hlutverk. Ég er bara búinn að vera slæmur í bakinu. Ég er með svo slappa bak- og magavöðva og er að gera eitthvað í því. Það er ekkert gaman að vera með bakverk þegar maður er með þriggja ára krakka.“

Jón segist hafa gert nokkrar tilraunir í líkamsrækt í gegnum

árin en jafnan gefist upp. „Ég hef aldrei verið með einkaþjálfara fyrr og ég held það sé málið, að minnsta kosti til að byrja með.“

Jón hefur jafnað sig á Georg Bjarnfreðarsyni, en inn í hugarheim þess geðstirða karlfausks þurfti grínistinn að setja sig í vor. „Það var erfiðara að leika hann í annað sinn ef eitthvað er“, segir Jón þungur á brún. „Það er mjög vont að leika illmennni og það tekur á eins og Heath Ledger sannaði.“

Sérstaklega tók það á að vera alltaf svona vondur við hann Ólaf Ragnar. Það vilja honum allir vel og eru góðir við hann, nema Georg. Og það er eitthvað svo

ofboðslega rangt að vera vondur við það grey.“

Dagvaktin fer í sýningu á Stöð 2 í kringum 20. september en þættirnir voru teknir upp í vor á Bjarkalundi. Jón sneri aftur á Bjarkalund í sumar í ferðalagi með fjölskyldunni. „Ég kom nú bara við þar og það hafði í sjálfu sér engin áhrif á mig. Við fórum víða um Breiðafjörðinn og gistum meðal annars í Flatey um helgi. Það var nú bara eins og að vera í miðbænum.“

- glh

VINNUR Á BUMBU, BAKVERK OG BRJÓSTUM Jón Gnarr massar upp slappa vöðva í ræktinni.



ÁRNI ÞÓRARINSSON: LEIKUR TRAUSTA LÖVE MJÖG SKEMMTILEGA

Þórhallur í hlutverki hrokafulls fréttastjóra

„Trausti Löve er, samkvæmt handriti, frekur og hrokafullur ritstjóri. Og þeim fannst ég einhvern veginn falla vel að þeirri persónu. Og ég varð við þeirri beiðni að taka að mér hlutverkið“, segir Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri á RÚV og ritstjóri Kastljóssins.

Þriðjudaginn 5. ágúst hefst flutningur á leikgerð eftir bók Árna Þórarinssonar, Dauði trúðsins, í Ríkisútlöpinu og sá Hjálmar Hjálmarsson um leikgerðina. Leikstjóri er Guðmundur Ingi Þorvaldsson. Þetta mun vera stærsta pródúksjón útvarpsins á árinu með þátttöku fimmtíu manns, þar af um fjörutíu leikara, og nemur um fimm klukkustundum af leiknu efni.

„Tími nornarinnar var fluttur í útvarpinu í hittiðfyrrasumar og naut verulegra vinsælda og ég held að ekki hafi tekist síður vel upp með Dauða trúðsins. Það er víðeigandi að hefja útsendingar svo nálægt verslunarmannahelginni því á þeim tíma hefst sagan, á útihátíðinni Allt í einni á Akureyri þar sem skuggalegir atburðir gerast“, segir höfundurinn Árni. Hann segir Guðrúnu Gísladóttur túlka erfitt hlutverk Viktoríu, sem hringir í Einar blaðamann vegna reimleika í gömlu húsi og kveðst vera skyggn. Viktoría er aðalpersónan í plottinu og Árna skilst að Guðrún byggi túlkunina að vissu marki á gamalli vinkonu sinni. Jóhann Sigurðarson fer á kostum eins og oft áður í hlutverki Ólafs Gísla, yfirlögregluþjóns á Akureyri. „Já, og Þórhallur Gunnarsson, sem leikur Trausta Löve fréttastjóra mjög skemmtilega, og Örn Árnason sem er spriklandi fjörugur sem Ásbjörn, útibússtjóri Síðdegisblaðsins á Akureyri“, segir Árni.

Nokkuð er um liðið síðan Þórhallur, sem er lærður leikari, stóð á sviði. Um tíu ár. Hann man ekki alveg hvort það var í Kysstu mig Kata eða Horft af brúnni hjá LR í



ÞÓRHALLUR GUNNARSSON Um tíu ár eru frá því hann stóð á sviði en útvarps- hlustendur eiga þess kost að heyra hann í hlutverki Trausta Löve - hrokafulls fréttastjóra.

Borgarleikhúsinu.

Hann segist hafa sótt meira í reynslu sína sem ritstjóri á umliðnum árum en í leikaramenntun sína. En vill þó ekki meina að honum sjálfum sviði til hinnar hrokafullu fyrrverandi sjónvarpsstjórnu, „slísi“ kvennaflagara sem verður fréttastjóri

Síðdegisblaðsins. „Nei, ég kannast ekki við það. En þeir sjá þarna einhver líkindi. Þetta er lítið hlutverk. Og skemmtilegt“, segir Þórhallur Gunnarsson.

jakob@frettabladid.is

ÁRNI ÞÓRARINSSON Höfundurinn er ánægður með útvarpsgerð af sögunni Dauða trúðsins.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Grimur Atlason, bæjarstjóri Dalabyggðar,

er nú alfluttur úr Bolungarvík. Á sunnudag flutti hann búslóð sína úr húsinu sem hann hafði gert upp og mætti í plássíð á risastórum flutningabíl sem merktur var í bak og fyrir stórum og fögnum auglýsingamyndum frá Dalabyggð. Ekki er laust við að sumir Bolvíkingar hafi horft á eftir hinum kraftmikla bæjarstjóra bruna út fyrir bæjarmörkin með tårin í augunum. Grímur er nú að koma sér og sinni fjölskyldu fyrir í gamla kaupfélagsstjórahúsinu í Búðardal.



Koma Mörthu Stewart til Íslands vakti mikla athygli, ekki síst meðal blogg-aranna Jónasar Kristjánssonar og Andrésar Jónssonar en þeir eru í afar fallegu skjallbandalagi. Þó taka þeir Mörthu ólíkum

tökum, meðan Jónas segir hana síðlaust glæpakvendi veiðir Andrés það upp úr bróður sínum sem starfar á B5 að þangað hafi Martha komið og valdið þeim í eldhúsinu sárum vonbrigðum með að hafa pantað sér hamburgara og pepsi en ekki eitthvað af exótiskari réttum matseðilsins.

Knattspyrnukappinn Gunnar Heiðar Þorvaldsson og kærasta hans Bjarný Þorvaldardóttir eignuðust son 23. júlí. Drengurinn hefur verið nefndur Gabriel Snær og dafnar vel. Gabriel kann að velja sér daginn en föðursystir hans, hin unga og bráðefnilega Berglind Björg Þorvaldsdóttir, knattspyrnukona hjá Breiðablik, spilar í treyju númer 23. Hún mun nú fljúga til Danmerkur á fimmtudaginn þar sem Gunnar Heiðar leikur með Esbjerg FB, til að berja prinsinn augum. Jafnvel mun hún ná sér í titilinn „uppáhaldsfrænka“ í leiðinni. - jbg / shs



Gifti sig í Laugardalnum

„Þetta var bara yndislegt“, segir Hallgerður Hallgrímsdóttir blaðakona sem gekk í hjónaband í rjóðri við Grasagarðinn á laugardaginn. Hallgerður gekk að eiga Sigurð Arent Jónsson en þau trúlofuðust fyrir ári. „Veðurfræðingarnir höfðu hótad rigningu en sem betur fer gekk það ekki eftir“, segir Hallgerður sem var þó með neyðaráætlun ef veðurguðirnir yrðu þeim hjónum ekki hliðhollir. Boðið var upp á pinnamat og skálað í Flóru sem er kaffihúsið í Grasagarðinum.

Það var fríkirkjupresturinn Hjörtur Magni Jóhannsson sem gaf brúðhjónin saman. „Hann er svo afslappaður og okkur fannst mikilvægt að það væri einhver

sem er fylgjandi hjónaböndum samkynhneigðra sem myndi gefa okkur saman. Svo hefur hann verið nokkurs konar fjölskylduprestur, skírði til að mynda systur mína“, segir Hallgerður.

Hallgerður er dóttir rithöfundarins Hallgríms Helgasonar. Hann leiddi hana þó ekki upp að altarinu. Fyrir það fyrsta var ekkert altari, en móðir Hallgerðar, Halldóra Gunnarsdóttir, var svara- maður hennar og Hjördís Claessen, móðir brúðgumans, var hans svara- maður. „Þessum mömmum er aldrei hampað nóg.“ Úr Grasagarðinum hélt hersingur í Pikk Nikk þar sem dansað var fram á rauða nótt.

- shs



NYGIFT Hallgerður Hallgrímsdóttir gekk að eiga Sigurð Arent Jónsson í rjóðri við Grasagarðinn.

FRÉTTABLAÐIÐ VALLI



FISKBÚÐIN
HAFBERG

Gnóðarvogi 44, s. 588 8686.

Glænýr villtur lax

Úrval fiskrétta á grillið

Óbreytt fiskverð frá áramótum



opið

mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00



FINNST ÞÉR ÞETTA Í LAGI?

Um 50 þúsund Íslendingum finnst í lagi að keyra eftir að hafa fengið sér einn. Finnst þér það í lagi?

Á undanförunum fimm árum hafa 68 einstaklingar slasast alvarlega í umferðarslysum sem rekja má til ölvunaraksturs.

BARA EINN ER EINUM OF MIKIÐ

 **VÍNBUÐIN**


UMFERDARSTOFA

MEST LESIÐ:

Handtökur í Keflavík: Segja manninn hafa dottið

Neitar að fara í brúnkumeðferð

Sérsvaitin handtók átta í Keflavík

Alblóðugur eftir handrukkun í Heiðmörk

visir.is
...ég sá það á visir.is



BAKÞANKAR
Jón Sigurður
Eyjólfsson

Reimleikar á upplýsingaöld

Mikið geta útistöður forfeðra vorra verið hjákátlegar þegar lesið er um þær á upplýsingaöld. Reyndar eru þær í besta falli alveg drepfyndnar.

UPPLÝSTUR maðurinn hlýtur þá ávallt að spyrja sig af hverju þetta fróma fólk var að búa til þessa drauga með aðstoð frá tiktúrum náttúrunnar? Líklegast vegna þess að draugarnir voru til ýmissa hluta nyttsamlegir. Til dæmis voru börnin ávallt komin heim á tilsettum tíma og bændur þræluðu myrkranna á milli svo þeir yrðu ekki undir í baráttunni við illa vætti sem, mörgum hverjum, var í nöp við byggð ból hér á landi. Eins var hægt að fá úpplýstan lýðinn til að gera eitthvað gott og skynsamlegt til að friðþægja fyrirbærinu atarna.

ÞETTA er síður en svo alíslenskt fyrirbæri eins og sjá má í ljóðinu „Beðið eftir barbörunum“ ort af gríska skáldinu Kavafis. Þar er lýst fyrirmyndarsamfélagi þar sem allt virkar eins og smurð vél einfaldlega vegna þess að hver og einn er með sínum hætti að búa sig undir komu barbaranna. Þegar mönnum verður síðan ljóst að barbararnir eru ekki væntanlegir og líklegast ekki til lengur veit enginn hvað hann á við sig að gera og allt fer í óreiðu.

EN ólíkt villimönnum þá hafa óvættirnar í raun aldrei afboðað komu sína. Þeir hafa hreiðrað um sig í viðskipta- og atvinnulífinu og eina leiðin til að halda þeim í skefjum er að þræla og fjárfesta. Svo verður Kananum á og stór draugur vaknar. Hann er það stór að hann lamar okkur af ótta. Við hættum að fjárfesta og styggjum því drauginn í skemmumni heima.

ÞAÐ hriktir í stoðum og menn horfa á forsætisráðherrann og seðlabankastjóra: „Það þýðir ekkert að láta prestana troða krossi í trýnið á þessum draugi, þið verðið að gera eitthvað. Þó ekki væri nema eitthvað táknrænt, boða saman þing eða eitthvað.“

ÞAÐ er nefnilega reimt víða í kapítalismannum engu síður en á bæjum landsins hér á öldum áður. En nú meðan við þjáumst í draugaganginum er það þó huggunarmi gegn að eflaust munu komandi kynslóðir hlæja að þessari draugasögu líkt og hinn upplýsti maður gerir nú þegar hann les um Gretti og Glám.

GÓÐAN DAG!

Í dag er þriðjudagurinn 29. júlí,
212. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	4.26	13.34	22.40
Akureyri	3.52	13.19	22.43

Heimild: Almanak Háskólans

0 krónur á netið með 3G

Nú kemstu á netið innanlands fyrir 0 krónur á kvöldin og um helgar með 3G síma eða netlykli í tölvuna. Með netlyklinum kemst fartölvan í netsamband hvar sem er á 3G þjónustusvæði Símans á mesta hraða sem býðst í 3G hérlandis. Taktu þátt í framtíðinni og fæðu þér 3G síma eða netlykil í næstu verslun Símans.

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

Sími

Netið

Sjónvarp

3G NETLYKILL

Með 6 mánaða samningi í einhverri 3G áskriftarleið Símans færðu 3G netlykil á

0 kr.